



AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA 2011

ALMENNUR HLUTI

Mennta- og menningarmálaráðuneyti



Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 – almennur hluti
2. útgáfa febrúar 2012

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Brefasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: menntamálaráðuneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Plánetan / Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Kápuhönnun: Plánetan
Prentun: Svansprent

© 2012 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9935-436-06-1



AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA 2011

ALMENNUR HLUTI

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Nr. 674

16. maí 2011

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla.

1. gr.

Með vísan til 21. og 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, dags. 16. maí 2011, sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 2011-2012 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en 1. ágúst 2015. Jafnframt fellur aðalnámskrá framhaldsskóla nr. 138 frá 28. janúar 2004 úr gildi.

2. gr.

Almennur hluti aðalnámskrár framhaldsskóla lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla nemendur, kennara og stjórnendur skóla og annað starfsfólk. Hún er jafnframt viðmið fyrir námsmat á framhaldsskólastigi, mat á skólum og skólastarfi, leiðarljós fyrir þá sem fást við námsefnisgerð og kennaramenntun, grundvöllur skólanámskráargerðar og innra mats skóla. Aðalnámskrá veitir einnig foreldrum upplýsingar svo að þeir geti fylgst með starfsháttum skólans og árangri skólastarfs.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 16. maí 2011.

Katrín Jakobsdóttir.

Ásta Magnúsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Með vísan til 21. og 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, dags. 16. maí 2011, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Í stað kafla 13.2.1. *Tengsl við hæfniprep í framhaldsskóla* kemur nýr kafli með sama heiti sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 9. september 2015.

Illugi Gunnarsson.

Ásta Magnúsdóttir.

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	5
INNGANGUR	7
1 HLOTVERK AÐALNÁMSKRÁR	9
1.1 Sameiginlegur hluti aðalnámskrár	10
1.2 Hlutverk skóla	10
1.3 Fagmennska kennara	11
2 ALMENN MENNTUN	13
2.1 Grunnþættir menntunar	14
2.1.1 Læsi	16
2.1.2 Sjálfbærni	17
2.1.3 Lýðræði og mannréttindi	19
2.1.4 Jafnrétti	19
2.1.5 Heilbrigði og velferð	21
2.1.6 Sköpun	22
2.2 Hæfni	22
2.3 Náms hæfni	23
3 MAT OG EFTIRLIT	25
3.1 Námsmat	25
3.2 Mat á skólastarfi	26
3.2.1 Innra mat	27
3.2.2 Ytra mat	28
4 HLOTVERK FRAMHALDSSKÓLA	29
5 GRUNNÞÆTTIR OG LYKILHÆFNI	31
5.1 Lykilhæfni	32
6 NÁM OG KENNSLA	38
6.1 Þekking, leikni og hæfni	38
6.2 Náms- og kennsluhættir	39
6.3 Starfsnám	40
7 HÆFNIÞREP	41
8 NÁMSLÖK Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI	47
8.1 Framhaldsskólapróf	47
8.2 Próf til starfsréttinda	48
8.3 Stúdentspróf	48
8.4 Önnur lokapróf	49
8.5 Viðbótarnám við framhaldsskóla	49
9 FRAMHALDSSKÓLAEINING	50
10 NÁMSBRAUTALÝSINGAR	51
10.1 Hæfniviðmið	52
10.2 Námsáfangar	52
10.3 Kjarnagreinar	52
10.3.1 Kröfur um kjarnagreinar til stúdentsprófs	53
10.3.2 Viðmiðunarpróf fyrir kjarnagreinar til stúdentsprófs	53
10.4 Íþróttir, líkams- og heilsurækt	54
10.5 Stúdentspróf	54
10.6 Uppbygging námsbrauta	54
10.6.1 Námsbrautir með námslok á fyrsta hæfniprepi	55
10.6.2 Námsbrautir með námslok á öðru hæfniprepi	55
10.6.3 Námsbrautir með námslok á þriðja hæfniprepi	56
10.6.4 Námsbrautir með námslok á fjórða hæfniprepi	56

10.7	Staðfesting námsbrauta	57
11	NÁMSMAT	58
11.1	Lokavitnisburður og einkunnir	59
11.2	Prófurlausnir og símatsgögn sem eru liður í lokaeinkunn	60
11.3	Prófskírteini	60
11.4	Ágreiningur um námsmat	61
12	STJÓRNUN SKÓLA OG SKÓLANÁMSKRÁ	62
12.1	Skólanámskrá	62
12.2	Skólanefnd	64
12.3	Kennarafundir og skólafundir	64
12.4	Nemendafélög	64
12.5	Heimili og skóli	64
13	SAMSTARF OG SKIL MILLI SKÓLASTIGA	66
13.1	Framhaldsskólastig	66
13.2	Grunnskólastig	66
	13.2.1 Tengsl við hæfniprep í framhaldsskóla	67
13.3	Háskólastig	68
13.4	Atvinnulíf	68
13.5	Framhaldsfræðsla	69
13.6	Annað samstarf	69
14	RÉTTINDI OG SKYLDUR	70
14.1	Velferð nemenda	70
14.2	Réttur nemenda til náms	71
14.3	Innritun í framhaldsskóla	71
14.4	Þjónusta	71
14.5	Nemendur með sérþarfir	72
14.6	Gjaldtaka opinberra framhaldsskóla	72
14.7	Skólareglur	73
	14.7.1 Skólasóknarreglur	73
	14.7.2 Meðferð ágreiningsmála	74
	14.7.3 Framvinda náms	75
14.8	Meðferð gagna	75
14.9	Reykingar og vímuefni	75
15	MAT Á NÁMI	76
15.1	Mat á námi milli skóla	76
15.2	Raunfærnimat inn á námsbrautir framhaldsskóla	77
	15.2.1 Framkvæmd raunfærnimats	77
16	UNDANÞÁGUR FRÁ AÐALNÁMSKRÁ	78
16.1	Námsgreinar og námsáfangar	78
	16.1.1 Íþróttir	89
	16.1.2 Nemendur með annað móðurmál en íslensku	89
16.2	Afreksfólk	80
17	MAT Á FRAMHALDSSKÓLASTARFI	81
17.1	Innra mat á framhaldsskólastigi	81
17.2	Ytra mat á framhaldsskólastigi	82
VIÐAUKI 1	YFIRLIT YFIR LÖG OG REGLUGERÐIR 2012, SEM VARÐA FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ	83
VIÐAUKI 2	LÝSINGAR Á NÁMSLOKUM Í FRAMHALDSSKÓLA	84
VIÐAUKI 3	HÆFNIVIÐMIÐ KJARNAGREINA	90



FORMÁLI

Í þessari námskrá má lesa um þann ramma og aðbúnað fyrir nám og kennslu sem mótast hefur í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga. Innan rammans hafa verið þróaðir sex grunnpættir sem mynda kjarna menntastefnunnar. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólakerfi. Þessir grunnpættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Miklu skiptir að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þessum grunnpáttum er m.a. ætlað að bæta úr því. Mennta þarf hinn almenna borgara nægilega vel til þess að hann geti veitt valdhöfum eðlilegt aðhald, hvort sem þeir eru í fjármálagjöf, stjórnmálum, fjölmiðum eða á öðrum sviðum. Skólar eru í raun einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum uppvaxandi kynslóðum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfa gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum.

Það eru gömul sannindi og ný að engin raunveruleg þróun verður í skólastarfi nema fyrir tilstuðlan kennara og skólastjórnenda. Lengi má lagfæra menntastefnu, skipulag, námsgögn og skólabyggingar en ef breytingum er ekki fylgt eftir í skólunum skila þær ekki árangri. Innleiðing nýrrar hugsunar í skólastarfi byggist á góðri samvinnu menntayfirvalda við þá sem bera hitann og þungann af skólastarfinu.

Ég ber þá von í brjósti að þessi námskrá hafi farsæl áhrif á skólastarf í landinu á tímum endurreisnar samfélagsins og hvet starfsfólk skóla, foreldra, forráðamenn og nemendur til að kynna sér vel efni námskrárinnar og starfa í anda hennar.



Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



INNGANGUR

Almennur hluti aðalnámskrár framhaldsskóla kveður á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs á framhaldsskólastigi. Í námskránni er fjallað um hlutverk aðalnámskrár, almenna menntun og grunnþætti, mat á skólastarfi, nýjar áherslur og nýtt skipulag við námskráargerð á framhaldsskólastigi, samstarf, réttindi, skyldur, skólanámskrá og fleira.

Framhaldsskólinn sinnir margþættu hlutverki. Hann á að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Honum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Innan veggja framhaldsskólans gefst nemendum því kostur á að velja sér fjölbreyttar námsleiðir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Náminu lýkur með mismunandi námsgráðum, svo sem framhaldsskólaprófi, prófi til starfsréttinda, stúdentsprófi, iðnmeistaraprófi eða með öðru lokaprófi. Námsbrautarlýsingar á framhaldsskólastigi taka mið af þessum mikla fjölbreytileika. Þær þurfa að mæta kröfum atvinnulífs og næsta skólastigs, um leið og þær veita nemendum alhliða almenna menntun.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, færast ábyrgð á námskráargerð í auknum mæli til framhaldsskólanna. Þeim er nú falið að gera tillögur um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms í samræmi við viðmið, sniðmát og reglur um gerð námsbrautarlýsinga. Með þessu er framhaldsskólum gefið aukið umboð til að byggja upp nám sem tekur mið af sérstöðu skóla, þörfum nemenda, nærsamfélags og atvinnulífs. Þetta skipulag á jafnframt að veita skólum tækifæri til að bregðast markvisst við þörfum nemenda, samfélags og atvinnulífs, niðurstöðum rannsókna og gæðaeftirlits. Tillögur um námsbrautir þurfa staðfestingu ráðuneytis til að verða hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla.

Í nýrri námskrá er öllu námi í framhaldsskóla skipað á fjögur hæfniprep sem skarast annars vegar við grunnskólastig og hins vegar við háskólastig. Prepin lýsa stigvaxandi kröfu um þekkingu, leikni og hæfni nemenda í átt til sérhæfingar og aukinnar fagmennsku. Námslok námsbrauta eru tengd við hæfniprep. Lokamarkmið námsbrauta kallast hæfniviðmið og segja til um þá hæfni sem stefnt er að nemendur búi yfir við námslok. Við uppbyggingu námsbrauta skulu framhaldsskólar fylgja reglum ráðuneytis en þær birtast meðal annars í almennum hluta aðalnámskrár.

Á framhaldsskólastigi er gert ráð fyrir að taka upp nýtt einingamatskerfi, framhaldsskólæiningar, sem gefur möguleika á að meta vinnu nemenda í öllu námi. Framhaldsskólæining (fein.) er mælikvarði á vinnuframlagi nemenda í framhaldsskólum óháð því hvort námið er verklegt eða bóklegt og hvort það fer fram innan skóla eða utan. Hver eining samsvarar u.þ.b. þriggja daga vinnu nemenda (6-8 klst/dag).



HLUTVERK AÐALNÁMSKRÁR

1

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum.

Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Segja má að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál.

Hlutverk aðalnámskrár er margbætt:

- Aðalnámskrá birtir menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur og ber skólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja börnum og ungmennum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu.
- Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs.

- Aðalnámskrá markar starfsramma stjórnenda, kennara og starfsfólks einstakra skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er skylt að útfæra, m.a. í skólanámskrá.
- Aðalnámskrá veitir nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um gæðakerfi og helstu viðmið sem starfsemi skóla byggist á. Hún er grundvöllur mats á skólastarfi og námsmats í skólum. Námskránni er ætlað að veita kennurum, nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um menntun barna og ungmenna á hverju skólastigi. Námskráin er einnig til hliðsjónar fyrir þá sem annast menntun kennara og annars starfsfólks skóla svo og þá sem vinna við gerð námsgagna, stunda rannsóknir og annast úttektir á skólastarfi.

1.1 Sameiginlegur hluti aðalnámskrár

Ýmsir þættir sem fjallað er um í aðalnámskrá eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kaflar 1-3 eru sameiginlegir í námskrám skólastiganna þriggja en þar er fjallað um stefnumið menntakerfisins, um almenna menntun og markmið skólakerfisins, um grunnþætti menntunar og um mat á skólastarfi. Lögð er áhersla á sveigjanleika og samfellu í skólakerfinu, bæði í inntaki og starfsháttum. Jafnframt er lögð áhersla á skólabróun og sameiginlega þætti í fagmennsku kennara á öllum skólastigum.

Í almennum hluta aðalnámskráa leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er lýst hlutverki hvers skólastigs og sérstakri áherslu í námi og kennslu á hverju þeirra; markmiðum, viðfangsefnum og starfsháttum. Í skólanámskrám sem gefnar eru út í einstökum skólum er stefna aðalnámskrár útfærð í samræmi við stefnu á hverjum stað, nemendahóp, faglega áherslu og sérkenni í hverju tilviki.

1.2 Hlutverk skóla

Skólar eru menntastofnanir og hlutverk þeirra er skilgreint í löggjöf um menntun. Skólar landsins mynda samstæða heild, skólakerfi, sem tryggja skal samræmi og samhengi í menntun frá leikskólum til háskóla og fullorðinsfræðslu. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu en skýr skil á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leikskóla og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska. Einnig skulu nemendur eiga þess kost að stunda nám á tveimur skólastigum samtímis henti það námi þeirra. Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Meginhlutverk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er að stuðla að almennri menntun þegnanna. Skólarnir skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi

við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan.

Inntak og viðfangsefni skólastarfsins er sett fram í námssviðum, námsgreinum eða námsáföngum. Rétt er að hafa í huga að námssvið, námsgreinar og námsáfangar eru ekki markmið í sjálfu sér heldur hjálpartæki til að stuðla að merkingarbæru námi og ná markmiðum skólastarfsins. Í aðalnámskrám skólastiganna eru því skilgreind markmið í samræmi við sérkenni hvers skólastigs, aldur og þroska barna og ungmenna.

Í skipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins og í starfsháttum skólanna skal lögð rækt við námsumhverfi og samskipti sem stuðla að almennri menntun. Almenn menntun er grundvöllur starfsmenntunar og annarrar sértækrar menntunar. Námi og menntun á sér stað víðar en í skólum. Menntun er ævilangt ferli. Mikilvægt er að skólarnir styðji við námshvöt nemenda sinna, rækti námsgleði og vinnuanda og stuðli þannig að menntun þeirra.

Starfshættir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og samskipti barna og ungmenna innbyrðis og við kennara sína eru ekki síður en viðfangsefni kennslustunda mikilvæg til að ná markmiðum skólanna og stuðla að velferð, námi og menntun. Starfshættir skólanna skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

1.3 Fagmennska kennara

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Kennarastéttin spannar mörg hlutverk í skólakerfinu, s.s. kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Þannig teljast t.d. skólastjórnendur, sérkennarar og námsráðgjafar til kennarastéttarinnar. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum.

Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Markviss samskipti og góð kennsla stuðlar að námi og aukinni hæfni barna og ungmenna. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og ungmönnum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.

Í upphafi 21. aldar hafa orðið gagngerar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið og þá um leið nám nemenda og störf kennara. Hvort sem litið er til efnahags og atvinnumála, félagsmála og fólksflutninga, tækni og samskipta má finna deiglu og breytingar sem hafa áhrif á menningarlíf og þekkingu, menntun

og uppeldi. Það má til sanns vegar færa að breytingar í íslensku samfélagi undanfarin ár hafi verið mjög hraðar og því aukast kröfur til skóla um að aðstoða samfélagið við að átta sig á breytingunum og takast á við nýjar aðstæður. Allt þetta eykur kröfur til kennarastéttarinnar, bæði til að greina samfélagsbreytingar og til að fella starfsemi skólanna að þeim á ábyrgan hátt.

Kennarar vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrir mæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.

ALMENN MENNTUN

2

Skilgreining á almennri menntun er ekki einhlít. Hún er bundin við stund og stað og jafnvel einstaklingsbundin. Til forna mynduðu hinar sjö frjálsu listir umgjörð um almenna menntun yfirstéttarinnar. Miðaldakirkjan skilgreindi almenna menntun í Evrópu á miðöldum út frá sínum þörfum og með iðnbyltingunni kom fram ný tækni og fræðasvið sem lögðu grunn að almennri menntun í nútímasamfélagi. Á 21. öld er almenn menntun skilgreind út frá samfélagslegum þörfum og þörfum einstaklinganna.

Almenn menntun stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Almenn menntun miðar að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Almenna menntun öðlast fólk víðar en í skólakerfinu. Skólakerfið er þó mikilvægasti grundvöllur þess að samfélagið tryggji almenna menntun. Því er eðlilegt að skýra grunnþætti menntunar í aðalnámskrá og tengja þá meginsviðum þekkingar og leikni sem einstaklingum standa til boða í skólunum. Almenn menntun byggist á fjölbreyttu námi á meginsviðum menningar okkar, umhverfis og samfélags. Stefnir er að almennri menntun í heildstæðu skólastarfi og námi á námssviðum, í námsgreinum og námsáföngum. Skilgreining á grunnþáttum er tilraun til að kortleggja þau meginsvið almennrar menntunar sem skólastarfið stefnir að.

2.1 Grunnþættir menntunar

Sú menntastefna sem birt er í þessari aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskráargerðina.

Þessir grunnþættir eru:

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig er sótt til annarrar löggjafar þar sem finna má ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, svo sem í lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Enn fremur er stuðst við stefnu stjórnvalda í ýmsum málaflokkum, t.d. ritinu *Velferð til framtíðar* um áherslur í stefnu um sjálfbæra þróun. Einnig er tekið tillit til alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að, svo sem barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnu alþjóðlegra stofnana sem Ísland er aðili að. Þar má nefna stefnumörkun UNESCO um almenna menntun og um sjálfbæra þróun og stefnumörkun Evrópuráðsins um lýðræði og mannréttindi. Við mörkun stefnunnar sem birtist í skilgreiningu grunnþáttanna er einnig höfð hliðsjón af hugmyndum um fagmennsku kennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum í landinu.

Til hvers grunnþættir?

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla, að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbriggt fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli í öllu skólastarfi. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám.

Grunnþættirnir fléttast inn í allt skólastarf

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námsgreinar geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig.

Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og fyrirmæli hennar um allt skólastarfið:

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.

Aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er grunnur að heildstæðri námskrárgerð í skólakerfinu. Skipulag hvers dags, viku, mánaðar og starfsárs skóla þarf að endurspeglar þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta. Nauðsynlegt er að nálgast viðfangsefni á heildstæðan hátt af faglegri víðsýni og eftir atvikum samfaglega. Það getur kallað á óhefðbundna kennsluhætti og nýstárlega nálgun í skólastarfi.

Tengsl og eðli grunnþáttanna

Grunnþættir menntunar eru settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast þó innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim má skapa meiri heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggjast á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti

þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærni, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að mótað nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Þótt grunnþættirnir séu samtvinnuðir hefur hver þeirra sín sérkenni. Þá má þannig nota til að halda utan um markmið skólakerfisins í heild og sérstakar áherslur hvers skóla eða skólastigs. Grunnþættirnir eru þó ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði skólastarfs má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

2.1.1 Læsi

Læsi hefur löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið prentaðan texta (lesið). Það hefur snúist um eitt kerfi tákna, prentmálið, og þá menningu og þau tjáningarform sem tengdust því. Í skólum hafa menn litið svo á að færni á þessu sviði væri fyrst og fremst bundin við einstaklinga og hægt væri að mæla hana, sumir væru fluglæsir en aðrir treglæsir eða jafnvel ólæsir.

Með tímanum hafa hugmyndir manna um læsi breyst enda hefur fræðafólk í ýmsum greinum varpað á það ljósi með rannsóknum sínum. Þótt kunnáttumenn séu ekki sammála um allt sem lýtur að læsi má nefna nokkur mikilvæg atriði sem þeir hafa bent á: Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu.

Þrátt fyrir að læsi snúist um kerfisbundin tákni og miðlunartækni ber að undirstrika að það snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og sú merkingarsköpun á sér aldrei stað í tómarúmi. Tvær manneskjur kunna til dæmis að skilja tiltekinn texta á ólíkan máta

Þótt lestrartækni þeirra, hljóðkerfisvitund og orðaforða svipi mjög saman. Ekki er hægt að segja í þessu tilviki að þær séu misvel læsar heldur ræðst merkingarsköpun þeirra af þeirri reynslu sem þær hafa og ótal aðstæðubundnum þáttum sem orka á túlkun þeirra og skilning. Sumt er jafnframt erfitt að skilja án þess að þekkja til umræðuhefðar og orðanotkunar sem er við lýði í ýmsum hópum samfélagsins.

Það eru ekki aðeins rannsóknir á læsi sem hafa breytt afstöðu fólks til þess heldur hefur stafræn tækni breytt því umhverfi þar sem ritun og lestur eiga sér stað. Tölvur og stafræn samskiptatæki teljast víða ómissandi þáttur í daglegu lífi fólks, heima jafnt sem á vinnustað, og þykja orðið sjálfsgöð verkfæri í skólastarfi. Þar skiptir það höfuðmáli að tölvurnar eru ekki aðeins öflug ritvinnslu- eða reikningsverkfæri heldur tól sem má nota til fjölbætrar merkingarsköpunar, t.d. með notkun myndmáls. Nemendur og kennarar þurfa því ekki að binda sig við prentmálið heldur býður tölvutækni upp á að þeir noti fleiri mál við nám og kennslu. Nú geta þeir rætt það, við undirbúning athugunar eða verkefnavinnu af ýmsu tagi, með hvaða hætti sé skynsamlegt að afla efnis og vinna úr því. Á að miðla því í stuttmynd eða bæklingi, útvarpsþætti eða á vef?

Við þessar aðstæður hafa orðið til heiti á borð við stafrænt læsi, miðlamennt og miðlalæsi. Hið stafræna læsi vísar til þeirrar kunnáttu sem fólk þarf að tileinka sér til þess að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi. Það snýst um orð jafnt sem ljósmyndir, prentað mál jafnt sem tónlist, og það varðar allt litróf efnisumsýslunnar, þ.e. aðföng, úrvinnslu og miðlun.

Hugtakið miðlamennt vísar til skólastarfs þar sem nemendur nota ýmsa miðla við nám sitt og læra í leiðinni sitthvað um notagildi þeirra og áhrif á menningu og lýðræði. Markmiðið er að þeir læri að leggja mat á miðlað efni en fái einnig þjálfun í að nota ýmsa miðla við efnisgerð og þekkingarsköpun. Orðið miðlalæsi er haft um þá færni og kunnáttu sem þeir öðlast við það nám sem í þessu felst.

Þótt þeim verkfærum, sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

2.1.2 Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Hér er einnig stuðst við þá skilgreiningu að sjálfbærni sé jafnvægisástand og sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og færa það til sjálfbærni. Munur á hefðbundinni skilgreiningu og skilgreiningunni, sem hér er notuð, er fremur áherslumunur en merkingarmunur. Þessi áherslumunur hefur þó þá þýðingu í skólastarfi að leggja má áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri.

Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Sjálfbær þróun getur ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setja okkur. Því er skilningur á þeim takmörkum, ásamt ferlum, lögmálum og hringrásum í náttúrunni, mikilvægur grundvöllur þess að okkur takist að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þannig þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið. Umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki eru dæmi um úrlausnarefni.

Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Í margbreytileika felst styrkur sem getur unnið bug á fátækt, stuðlað að friði og tryggt lífsgilyrði og lífsgæði fyrir alla hvar í heiminum sem þeir búa. Að gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra er forsenda sjálfbærrar þróunar.

Efnahagslegur þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Efnahagskerfi samfélaga skipa stórt hlutverk þegar kemur að skynsamlegri nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Framleiðsla og neysla eru órjúfanlegir þættir samfélags og um leið efnahags hvers einstaklings. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi. Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð.

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg alítamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við

Það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.

2.1.3 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Einnig þarf að efla þekkingu á grundvallarréttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenski löggjöf og alþjóðasamningum. Samfélagsgreinar og lífsleikni eru kjölfesta þekkingar á lýðræði og mannréttindum og viðhorfa til sömu þátta. Lýðræðislegur hugsunarháttur á þó við í öllum námsgreinum. Lýðræðislegt gildismat verður ekki mótað nema allar námsgreinar og öll námssvið séu notuð til þess. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggja skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

2.1.4 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin

forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaða höfð að leiðarljósi. Jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmsir búa við margþætta mismunun þegar fleiri slíkir þættir tvinnast saman, til dæmis kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldur og búseta. Í þessu skyni er eðlilegt að nýta sér í skólastarfinu þekkingu sem nýjar fræðigreinar, svo sem kynjafnræði, hinseginfræði, fjölmenningarfræði og fötlunarfræði, hafa vakið athygli á.

Undir jafnréttismenntun fellur m.a. nám um kyn og kynhneigð. Með grunnþættinum jafnrétti er einnig lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Eitt af viðfangsefnum er þróun Íslands sem fjölmenningsamfélags. Með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.

Mikilvægt er að skapa meðvitund um mismunandi félagsstöðu og vægi ungra og aldraðra til samanburðar við þá sem eru nær miðjum aldri. Nota má staðalmyndir, einkenni og sögulega þróun mismunandi aldurs skeiða, þ.e. barnæsku, unglingsára, fullorðinsára og elliára og ólíka merkingu þessara aldurs skeiða á mismunandi tímum og í ólíkum menningarheimum. Einnig má skoða ólíkt aðgengi að samfélagslegum gæðum eftir stétt, búsetu og fjárráðum. Skoða má áhrif stéttar og búsetu á heilsu, náms- og atvinnumöguleika og aðgengi að valdastöðum í samfélaginu.

2.1.5 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmýnd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skóla þarf að vera meðvitað um hvað felst í heilsutengdum forvörnum og geta nýtt sér áreiðanlegar upplýsingar um þætti sem hafa áhrif á heilbrigði. Í skólum þarf að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Efla þarf færni þeirra í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmýndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun. Nauðsynlegt er að þau öðlist skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan. Markmið þess er meðal annars að styðja börn og ungmenni svo að þau geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Í skóla, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Taka þarf mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru skólastarfi. Í skólaumhverfinu þarf á sama hátt að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Leggja þarf áherslu á uppeldis- og félagslegt gildi máltíða meðal annars með því að gefa nægan tíma til að nærast.

Mikilvægt er að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Allir þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmýnd. Mörg áhugamál barna og ungmenna stuðla að heilbrigði og geta nýst í þessu samhengi. Með því að gefa áhugasviðum þeirra rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmýnd og efla þannig heilbrigði.

Til að mæta áherslum um heilbrigði þurfa allir sem í skólum starfa að skoða störf sín með hliðsjón af heilbrigði og vinna í sameiningu að skýrum markmiðum sem styðja jákvæðan skólabrag, bættan námsárangur og vellíðan. Þar gegnir starfsfólk skóla miklu hlutverki sem fyrirmyndir. Einnig þarf að vinna náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu því að slík samvinna er forsenda þess að góður árangur náist.

2.1.6 Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær„. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra.

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir.

Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkta og þar með auka þekkingu sína og leikni. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að í grundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi.

Sköpunarkraftur og innsæi eru lykilorð í þessu samhengi. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í læsi og sköpun og fléttast saman við hlutverk gagnrýnnar hugsunar í lýðræði. Í sköpuninni felst hagnýting hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og skólastarfi. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Þetta fléttast vel saman við menntun til sjálfbærni og læsi í viðum skilningi.

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

2.2 Hæfni

Nútímasamfélag gerir margar og oft mótsagnakenndar kröfur til þegnanna. Hlutverk skólakerfisins er m.a. að búa einstaklinginn undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa honum að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda.

Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Nemendur þurfa að vita hvað þeir vita og hvað þeir geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Nemandinn þarf ekki einungis að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni heldur skal hann einnig geta aflað sér nýrrar þekkingar, leikni og hæfni, greint hana og miðlað. Nám þarf að taka til allra þessara þátta. Slíkt nám byggist á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Við skipulag skólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barna og ungmenna og hæfni þeirra að námi loknu. Kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki beinast fyrst og síðast að því að styðja nemendur í námi sínu. Námsmarkmið snúa að þeirri hæfni sem nemandinn öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu.

Skólastarfi og námi, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan námssviða, námsgreina og námsáfanga. Á hinn bóginn krefjast mörg viðfangsefni þess að þau séu unnin á samfaglegan og heildstæðan hátt. Í aðalnámskrá hvers skólastigs eru grunnþættirnir útfærðir nánar. Þar er svigrúmi í skólastarfinu lýst og greint frá hlutverki kennara á hverju skólastigi. Þar er einnig rætt um samstarf skóla við heimilin.

Grunnþættir menntunar eru útfærðir á hverju skólastigi í samræmi við markmið laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Í aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir fléttaðir saman við námssvið leikskólans, í grunnskólum tengjast grunnþættirnir námsgreinunum og á framhaldsskólastigi eru grunnþættir menntunar útfærðir í námsáföngum á mismunandi námsbrautum. Grunnþættirnir eru því útfærðir með ólíkum hætti á mismunandi skólastigum. Í námskrám skólastiganna er fjallað nánar um samfellu og viðfangsefni, stígandi í námi, hæfnikröfur og þrepaskiptingu í samræmi við sérkenni og starfshætti á hverju skólastigi.

2.3 Náms hæfni

Nemendur þurfa að kunna að sækja sér nýja þekkingu og leikni, jafnframt því að geta beitt þekkingu sinni. Þeir skulu einnig vera meðvitaðir um mikilvægi þess að vera ábyrgur og skapandi í þekkingarleit sinni, ígrunda og rökstyðja. Til að öðlast fjölbreytilega hæfni á nemendum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi barna og ungmenna og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði innan kennslustunda og utan, þarf að styrkja börn og ungmenni til að temja sér náms hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Námshæfni er þannig undirstöðupáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur einnig í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna og ungmenna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt.

Þetta kallar á örvandi námsumhverfi í skólum. Gæta verður þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis því sem hann þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemandinn æfist í að tjá skoðanir sínar og útskýra verklag sitt á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

MAT OG EFTIRLIT

3

Mat er órjúfanlegur þáttur í starfi skóla og námi barna og ungmenna. Námsmat veitir upplýsingar um árangur barna og ungmenna við að uppfylla markmið náms, örvar þau til frekari dáða og nýtist kennurum og starfsfólki við að stuðla að frekari framförum í námi. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

3.1 Námsmat

Mat á árangri og framförum barna og ungmenna er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms. Til að

geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt.

Námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla

Gera skal grein fyrir viðmiðum námsmats og umsagna í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Nemendur, foreldrar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla þurfa að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

Fjölbreyttar matsaðferðir

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Kennarar þurfa að hjálpa börnum og ungmönnum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Tilhögun námsmats þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við áherslur í skólastarfi og höfða til sem flestra námsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem safnað er saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið og gefið vísbendingar um ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. Námsmat þarf að taka tillit til þarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi í þessu efni. Þessir nemendur skulu eiga kost á frávikum frá almennu námsmati, t.d. lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegt námsmat.

3.2 Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats

og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólustarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólustarfið, árangur þess og þróun.

Skólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati sínu en ráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög annast ytra mat á skólum. Ytra mat felst m.a. í úttektum á skólustarfi í heild eða einstökum þáttum þess, stofnanaúttektum, úttektum á námsgreinum og námsþáttum og eftirliti með innra mati skóla. Ráðuneytið ber jafnframt ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum þar sem við á. Þá ber ráðuneytinu að fylgjast með stöðu og þróun menntakerfisins. Í þeim tilgangi safnar ráðuneytið margvíslegum upplýsingum um skólalald, m.a. með þátttöku í alþjóðlegum könnunum á námsárangri og öðrum þáttum skólustarfs.

Ráðuneytið gerir áætlun um úttektir á öllum skólastigum og birtir þær á vef sínum. Einnig gefur ráðuneytið út ítarlegar leiðbeiningar um innra mat sem skólar geta nýtt sér kjósi þeir það.

Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem mat á skólustarfi hvílir á en í skólanámskrá útfærir skólinn nánar þau markmið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá og eftir atvikum í skólanámskrám. Mikilvægt er að innra og ytra mat á skólum nái til allra lögbundinna markmiða skólustarfsins, þ.m.t. hlutverks skóla að styrkja nemendur til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda, samskiptahæfni og fleiri atriði sem m.a. tengjast grunnþáttum menntunar.

3.2.1 Innra mat

Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólustarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Til að leggja megi raunhæft mat á skólustarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Þær upplýsingar og þau gögn, sem eru lögð til grundvallar matinu, taka mið af

þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Leggja þarf mat á markmið og leiðir með reglubundnum hætti. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar. Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Persónulegar upplýsingar eru þó undanþegnar birtingu.

3.2.2 Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög bera ábyrgð á ytra mati leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, samkvæmt sérstakri reglugerð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd skólahlalds í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Áætlanirnar eru endurskoðaðar árlega og eru birtar á vef ráðuneytisins.

Ráðuneytið gerir áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur úttektar, helstu viðmið og áherslur. Það fær óháða sérfræðinga til að sjá um framkvæmd úttekta og fer val á þeim samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins. Skólum, og eftir atvikum sveitarstjórnunum, er gert viðvart skriflega um væntanlega úttekt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Ytra mat skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum, svo sem niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu. Skólum ber að upplýsa úttektaraðila sem best um þá þætti skólastarfsins sem úttektin beinist að.

Úttektaraðilar skila ráðuneytinu skýrslu með niðurstöðum sínum. Áður en úttektarskýrsla er send ráðuneytinu fær viðkomandi skóli tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir. Athugasemdir skóla skal birta sem viðauka með skýrslu ef þess er óskað. Ytra mat er opinbert og skulu niðurstöður þess birtar á vefsvæðum skólans og ráðuneytisins eða með öðrum opinberum hætti. Jafnframt skal, eftir því sem við á, birta áætlanir sveitarstjórnar og skóla um úrbætur í kjölfar úttekta, á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Niðurstöðum ytra mats skal fylgt eftir með markvissum hætti. Ráðuneytið óskar eftir viðbrögðum grunnskóla og sveitarfélaga við niðurstöðum ytra mats. Á grundvelli þeirra viðbragða ákveður ráðuneytið til hvaða aðgerða verður gripið.

HLUTVERK FRAMHALDSSKÓLA

4

Samkvæmt lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla, er nám á framhaldsskólastigi skipulagt sem framhald af námi á grunnskólastigi. Í lögnum er hlutverk framhaldsskóla skilgreint í annarri grein.

2. gr. Hlutverk

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífínu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

Eins og sjá má gegnir framhaldsskólinn margþættu hlutverki. Hann á að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Honum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám.

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Á sumum námsbrautum er megináherslan lögð á virkni nemenda í daglegu lífi, undirbúning fyrir frekara nám og störf sem ekki krefjast sérhæfðrar menntunar. Aðrar námsbrautir hafa þau lokamarkmið að undirbúa nemendur undir sérhæfð störf eða sérhæft nám á næsta skólastigi. Þannig þurfa námsbrautir að mæta kröfum atvinnulífs og næsta skólastigs um leið og þær tryggja nemendum alhliða almenna menntun. Námslok námsbrauta geta til dæmis verið framhaldsskólapróf, starfsréttindapróf, stúdentspróf eða önnur lokapróf.

Allt nám í framhaldsskóla þarf að fela í sér áherslur hlutverkagreinar laganna. Það er á ábyrgð hvers skóla að ákvarða með hvaða hætti þeim er best fundinn staður í viðfangsefnum nemenda og vinnulagi. Líta þarf jöfnum höndum til starfshátta skólans sem inntaks námsins og þurfa þessir tveir meginþræðir að mynda órofa heild í skólastarfi.

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Foreldrar ólöggráða nemenda bera ábyrgð á uppeldi barna sinna en framhaldsskólar hafa einnig uppeldishlutverk. Þar fer fram mikilvægt mótunarstarf samhliða þjálfun og fræðslu. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

GRUNNPÆTTIR OG LYKILHÆFNI

5


Í kafla tvö eru útskýrðir sex grunnþættir menntunar sem endurspeglast eiga í skólastarfi framhaldsskóla. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í námi og kennslu nemenda, starfsháttum, skipulagi og þróunaráætlunum skóla svo og tengslum hans við samfélag sitt. Framhaldsskólar skulu í skólanámskrá gera grein fyrir hvernig grunnþáttum er sinnt og leggja mat á sýnileika þeirra og innleiðingu í innra mati skóla.

Lykilhæfni er ætlað að tengja grunnþættina við markmið um hæfni nemenda að loknu námi. Lykilhæfnin snýr að nemandanum sjálfum og er þannig nemendamiðuð útfærsla á áherslum grunnþátta. Lykilhæfnin er nýtt við skipulagningu námsbrauta, gerð áfangalýsinga auk þess sem horft er til hennar við námsmat og umsögn um nemendur.

Ætlast er til að lykilhæfni og grunnþættir fléttist saman og myndi burðarstoð í öllu starfi framhaldsskóla, starfsumhverfi og skólabrag sem og námi og kennslu allra námsáfangna. Við umsókn um staðfestingu námsbrautarlýsinga er skólum skylt að útskýra hvar og hvernig grunnþáttum og lykilhæfni er sinnt.

Á myndinni hér til hliðar er tilraun gerð til að sýna tengsl grunnþátta og lykilhæfni.

Grunnþættirnir skulu endurspeglast í öllu skólastarfi en lykilhæfnin tengir grunnþættina við kröfu um hæfni nemenda.



5.1 Lykilhæfni

Lykilhæfnin tekur til níu sviða. Hér að neðan er hverju sviði lýst og tekin almenn dæmi um viðmið. Lykilhæfnin snýr bæði að almennri hæfni og sértækri. Sértæk dæmi um heilbrigði gætu snúist um vinnuvernd og öryggismál á þeim starfsvettvangi sem nemandinn stefnir á. Sértæk dæmi um mannréttindi og lýðræði gætu snúist um lagaumhverfi og vinnusiðfræði og sértæk dæmi í menntun til sjálfbærni gætu snúist um sjálfbæran vinnustað.

Námshæfni

Námshæfni felur í sér sjálfsþekkingu, þ.e. að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni beinist að fróðleiksfýsni, trú á eigin getu og hæfileika til að beita þekkingu sinni, leikni og hæfni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt. Hún tengist einnig getu til að tengja þekkingu og leikni við frekara nám og störf.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- þekkir eigin styrkleika og geti sett sér raunhæf markmið,
- getur deilt þekkingu sinni með öðrum,
- getur notað fjölbreyttar námsaðferðir og gögn,
- er sjálfstæður í vinnubrögðum,
- getur lagt mat á eigið vinnuframlag,
- getur tekist á við áskoranir í námi,

- getur skipulagt vinnutíma sinn og forgangsraðað viðfangsefnum,
- getur borið ábyrgð á eigin námi,
- getur nýtt fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna.

Heilbrigði

Góð heilsa er skilgreind sem líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði. Sérhver nemandi þarf að gera sér grein fyrir að hann ber ábyrgð á sjálfum sér og félagslegu umhverfi sínu. Ábyrgðin snertir líkamlegt heilbrigði en til að stuðla að góðri heilsu og almennri velferð þarf að leggja rækt við hollar lífsvenjur, hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Ábyrgðin tengist einnig andlegu heilbrigði t.d. hvað varðar ábyrga afstöðu til eineltis og annars ofbeldis. Félaglegt heilbrigði felur í sér jákvæða og heilbrigða samskiptahætti og félagslega virkni.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- ber ábyrgð á sjálfum sér og eigin gjörðum,
- tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar og heilbrigðis,
- er meðvitaður um sjálfan sig sem kynveru,
- er meðvitaður um gildi reglulegrar hreyfingar,
- er meðvitaður um mikilvægi fjölbreyttrar og næringarríkrar fæðu,
- tekur ábyrga afstöðu gagnvart mismunun, einelti og öðru ofbeldi,
- er meðvitaður um skaðsemi reykinga og annarrar tóbaksnotkunar, áfengisneyslu og notkunar annarra vímuefna.

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

Sköpun felst í að móta viðfangsefni og miðla þeim, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpunarferlið stuðlar að frumkvæði, ígrundun og gagnrýninni hugsun og er því ekki síður mikilvægt en afrakstur verksins. Forsenda þess að virkja og viðhalda sköpunarkrafti nemenda er að skólinn skapi skilyrði þar sem hvatt er til frumkvæðis, sjálfstæðis og skapandi hugsunar á sem flestum sviðum. Nýsköpun og hagnýting þekkingar felur í sér áherslu á að skapa eða búa til eitthvað nýtt sem og endurbæta það sem þegar er til staðar.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- sýnir frumkvæði og skapandi hugsun,
- ber siðferðilega ábyrgð á sköpun og hagnýtingu þekkingar sinnar,
- getur miðlað hæfni sinni á skapandi hátt,

- getur nýtt sér sköpunarkraft sinn á margvíslegan hátt í lífi og starfi,
- getur notið lista, menningar og skapandi starfs á margvíslegu formi,
- skilur hvernig menning og listir tengjast atvinnusköpun og samfélagsþróun.

Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lífa ábyrgu lífi, jafnframt því að allir séu virkir þátttakendur í að skapa samfélag jafnræðis, jafnréttis og réttlætis. Menntun til jafnréttis fjallar um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Við undirbúning framtíðarstarfsvettvangs er mikilvægt að opna augun fyrir kynskiptum vinnumarkaði og stuðla að því að námsval kynjanna verði minna kynbundið en hingað til. Það varðar miklu að ekki halli á kynin í þeim viðfangsefnum sem nemendur fást við heldur grundvallist þau á jafnræði og jafnrétti.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- virðir jafnrétti í samskiptum,
- er meðvitaður um eigin kynhneigð og kynheilbrigði,
- skilur hvernig t.d. aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni getur skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks,
- er meðvitaður og gagnrýninn á áhrif fyrirmynda og staðalmynda á eigin ímynd og lífsstíl,
- skilur hlutverk kyns og kyngferfis í samfélaginu.

Lýðræði og mannréttindi

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun. Virkur borgari býr yfir vitund um eigin ábyrgð, lýðræði, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi, jafnrétti, mannréttindi og ber virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- ber virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra,
- virðir mannréttindi og manngildi,
- getur sett fram eigin skoðun og tekið þátt í rökræðum,

- tekur gagnrýna afstöðu til siðferðilegra álitamála,
- virðir grundvallarreglur samfélagsins,
- er virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi,
- er meðvitaður um gildi góðrar hegðunar og breytni í samskiptum við annað fólk, dýr og umhverfi,
- býr yfir jákvæðri og uppbyggilegri félags- og samskiptahæfni.

Menntun til sjálfbærni

Sjálfbærni snýst um umhverfi, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti í nútíð og framtíð. Sjálfbærnimenntun miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun er lögð áhersla á skilning á þeim takmörkunum sem vistkerfi jarðar setur manningum, jöfnuð innan og milli kynslóða, skynsamlega nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Forsenda fyrir sjálfbæru samfélagi eru virkir borgarar sem eru meðvitaðir um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart þessum þáttum.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- er meðvitaður um margvíslegar auðlindir náttúrunnar og getur tekið afstöðu til skynsamlegrar nýtingar þeirra,
- þekkir, skilur og virðir umhverfi sitt og náttúru,
- skilur hvernig vistkerfi jarðar setur manningum takmarkanir,
- skilur hvernig eigið vistspor og vistspor samfélaga og þjóða getur stuðlað að sjálfbærri þróun,
- getur á gagnrýninn hátt metið gildi upplýsinga um umhverfi og náttúru,
- er virkur og ábyrgur borgari í umhverfi sínu og náttúru,
- er fær um að taka gagnrýna afstöðu gagnvart umhverfi, samfélagi, menningu og efnahagskerfi,
- hefur skilning á sameiginlegri ábyrgð jarðarbúa á jörðinni og íbúum hennar.

Læsi, tjáning og samskipti á íslensku

Læsi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það. Læsi, tjáning og samskipti á íslensku auðveldar virk samskipti í félagslegu, menningarlegu og tæknilegu samhengi á Íslandi. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu

og riti er forsenda þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Íslensk tunga og menning tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- getur tjáð hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir bæði munnlega og skriflega,
- tekur þátt í samræðum,
- notar blæbrigðaríkt mál og fjölbreyttan orðaforða í tali og ritun,
- flytur mál sitt skýrt og áheyrilega,
- les fjölbreytta texta sér til fróðleiks og ánægju,
- útskýrir og rökstyður á skýran hátt í ræðu og riti.

Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum

Læsi á menningu annarra þjóða, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum leggur grunn að skilningi, vísýni og virðingu. Tungumálakunnátta er lykillinn að upplýsingum og gefur aðgengi að faglegu efni á erlendum tungumálum. Hún er ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- getur tjáð sig á skiljanlegan hátt,
- hlustar og skilur talað mál,
- tekur þátt í samræðum,
- notar fjölbreyttan orðaforða,
- les sér til fróðleiks og ánægju,
- er meðvitaður um menningu og siði sem einkennir þau landsvæði þar sem tungumálið er talað,
- getur tengt ólík viðhorf og gildi, sem móta menninguna í þeim löndum sem tungumálið er notað, við eigið samfélag og menningu.

Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar

Gott talnalæsi er mikilvægt hverjum manni til að takast á við daglegt líf og störf. Læsi á tölur felur í sér hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar. Læsi á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýnn og skapandi hátt. Læsi á fjölmiðla gerir nemendum kleift að greina upplýsingar ólíkra miðla svo þeir geti sjálfir lagt gagnrýnið mat á þær.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- getur nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit,
- getur tjáð sig um og hagnýtt tölur og upplýsingar í menntun sinni og menningu,
- getur aflað gagna, flokkað og nýtt sér upplýsingar á gagnrýninn hátt,
- getur notað upplýsingtækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar á gagnrýninn og skapandi hátt,
- getur miðlað upplýsingum á skapandi hátt,
- er læs á upplýsingar frá ólíkum miðlum.

NÁM OG KENNSLA

6

Fjölbreytilegt námsumhverfi sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að ná þeim þáttum lykilhæfni sem til dæmis lúta að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Starfshættir við nám og kennslu geta einnig haft mikil áhrif við mótun nemenda og ýtt undir að þeir tileinki sér gagnrýna hugsun, virðingu og umburðarlyndi, lýðræðislega virkni, jafnrétti og ábyrgð í samskiptum og umgengni við umhverfi og náttúru. Viðfangsefni sem tengja námið við daglegt líf og starfsvettvang stuðla að auknu læsi nemenda á umhverfi sitt.

6.1 Þekking, leikni og hæfni

Þekking, leikni og hæfni eru hugtök sem notuð eru við gerð námsbrautalýsinga og áfangalýsinga. Tengsl hugtakanna birtast í því að hæfni nemenda byggir á þekkingu þeirra og leikni auk sjálfskilnings, viðhorfa og siðferðis. Ekki er nóg að búa yfir þekkingu, heldur þurfa nemendur að geta greint hana og miðlað. Á sama hátt birtist leikni nemenda ekki einungis í því að læra aðferðir. Þeir þurfa að geta valið á milli og beitt viðeigandi vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum hverju sinni. Bæði þekking og leikni tekur til alls náms hvort sem það er á sviði bóknáms, listnáms eða starfsnáms.

Hæfni nemenda felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu sína og leikni í samræmi við aðstæður hverju sinni. Nemendur þurfa einnig að búa yfir hæfni og getu til að afla sér nýrrar þekkingar, leikni og hæfni þegar skóla lýkur. Í því ferli skiptir námshæfni,

upplýsingalæsi, skapandi hugsun og hagnýting þekkingar lykilmáli. Nánari skilgreining á hugtökunum þekking, leikni og hæfni kemur fram í mynd hér fyrir neðan.

Skilgreining á hugtökunum þekking, leikni og hæfni

ÞEKING

er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.

- Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum athafnir.
- Þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman.
- Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningaformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

LEIKNI

er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun.

- Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi.
- Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla.
- Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

HÆFNI

felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.

- Hæfni gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, víðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli.
- Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýnni hugsun og faglegri ígrundun.
- Hæfni er miðlað með margvíslegum tjáningarformum þar sem vitsmunalegri, listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni.

6.2 Náms- og kennsluhættir

Náms- og kennsluhættir í framhaldsskólum stuðla að alhliða þroska nemenda og einkennast af virðingu fyrir einstaklingnum og þörfum hans. Mikilvægt er að skólustarf miði að því að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi sínu og færa um að afla sér þekkingar á eigin spýtur. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki.

Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafnvel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlu, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólstarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fái tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt. Náms- og kennsluumhverfi starfsnámsnemanda þarf að vinna að því að nemendur verði virkir og ábyrgir fagmenn sem búa yfir góðri fagmennsku.

6.3 Starfsnám

Starfsnám fer yfirleitt bæði fram í skóla og á vinnustað. Stór þáttur námsins felur í sér að nemendur þjálfist í að beita mismunandi aðferðum og verklagi. Þjálfunin fer annars vegar fram í verklegu sérnámi skóla undir leiðsögn kennara og hins vegar í vinnustaðanámi eða starfsþjálfun á vinnustað.

Um starfsnám á vinnustað eru ýmist notuð hugtökin vinnustaðanám eða starfsþjálfun. Hér er gengið út frá því að í vinnustaðanámi séu alla jafna gerðar meiri kröfur um markvissa, skipulagða fræðslu, leiðsögn og eftirlit en þegar um starfsþjálfun er að ræða. Í starfsþjálfun er lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að þjálfa frekar verkþætti og verkferla sem þeir hafa þegar fengið kennslu í. Það er því gert ráð fyrir að þeir geti sýnt meiri ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum en þegar um vinnustaðanám er að ræða.

Vinnustaðanám og starfsþjálfun veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu. Til að stuðla að markvissu vinnustaðanámi og starfsþjálfun á vinnustað er lögð áhersla á notkun námsferilsbóka. Um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað eru gerðir samningar í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

HÆFNIÞREP

7

Námslok námsbrauta í framhaldsskóla raðast á hæfniprep. Með röðun þeirra á hæfniprep eru dregnar fram mismunandi kröfur um hæfni nemanda að loknu námi. Hæfniprepin mynda þannig ramma um mismunandi kröfur við námslok án tillits til þess hvort námið er bóknám, listnám eða starfsnám.

Í lýsingu á hæfniprepum er annars vegar lögð áhersla á lykilhæfni og grunnþætti og hins vegar aukna sérhæfingu í námi. Hæfniprepin eru skilgreind með nemendum í huga óháð skólastigi og framkvæmdaraðila. Hæfniprepin eiga að gefa vísbendingu um viðfangsefni og námskröfur og eru þannig leiðbeinandi við gerð áfanga- og námsbrautalýsinga. Hæfniprepin eru einnig upplýsandi fyrir hagsmunaaðila, jafnt nemendur sem atvinnulíf og næsta skólastigi sem tekur við nemendum að loknu námi.

Á framhaldsskólastigi eru þrepin fjögur. Fyrsta þrepið er á mörkum grunn- og framhaldsskóla og felur í sér almenna menntun. Þar tengjast kröfur um lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og sjálfbærni daglegu lífi og virkni einstaklingsins í þjóðfélaginu. Nemandi sem hefur náð þessari lykilhæfni sýnir í daglegu lífi og samskiptum að hann beri virðingu fyrir öðru fólki, lífsgildum þess og mannréttindum. Nám á fyrsta þrepi getur enn fremur falið í sér almennan undirbúning undir störf í atvinnulífinu sem ekki krefjast mikillar sérhæfingar og eru unnin undir stjórn eða eftirliti annarra. Á námsbrautum með námslok á fyrsta hæfniprepi getur krafa um námsframvindu verið óhefðbundin og námsmat fyrst og fremst leiðbeinandi um hvernig nemendur geta náð settum markmiðum.

Námslok á þriðja hæfniprepi einkennast af fremur stuttri sérhæfingu, sem miðar einkum að faglegum undirbúningi undir frekara nám eða störf sem krefjast þess að starfsmenn geti sýnt ábyrgð og sjálfstæði innan ákveðins ramma og/eða undir yfirstjórn annarra. Þá er gert ráð fyrir að hinni almennu hæfni til að vera virkur þjóðfélagsþegn sé náð og sjónum beint að virkni og ábyrgð innan vinnuumhverfis.

Námslok á þriðja hæfniprepi einkennast af enn meiri kröfum um þekkingu, leikni og hæfni tengdar sérhæfingu og fagmennsku. Þar fer fram sérhæfður undirbúningur undir háskólanám, lögvarin störf, sérhæft starfsnám og listnám. Eftir námslok á þriðja prepi eiga nemandur að geta unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf.

Fjórða þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun.

Ráðuneytið birtir yfirlit yfir röðun staðfesta námsloka á hæfniprep.

Hæfniprep 1

- Námsbrautir eru að jafnaði skipulagðar sem 30 til 120 fein. og taka yfirleitt 1 til 4 annir. Þær geta þó verið allt að 240 fein og skipulagðar sem 8 annir fyrir nemendur með þroskahömlun.
- Námslok eru til dæmis framhaldsskólapróf og önnur lokapróf.
- Námið felur í sér almenna menntun, þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni.
- Námsbraut, sem er skilgreind með námslok á fyrsta hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan. Viðmiðin skulu einnig höfð til hliðsjónar við gerð námsáfangna sem flokkast á fyrsta hæfniprep.

ÞEKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær,
- þekkingu á samfélagslegum gildum, siðgæði, mannréttindum og jafnrétti,
- þekkingu sem tengist því að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi,
- þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi (s.s. menningu, samfélagi, náttúru og sjálfbærni),
- þekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám,
- orðaforða til að geta tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum og innsýn í viðkomandi menningarheima,
- þekkingu og skilning á áhrifum fyrirmynda og staðalmynda á eigin ímynd og lífsstíl.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt,
- taka þátt í samræðum, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra,
- vera verklega sjálfbjarga í daglegu lífi,
- beita skapandi hugsun í öllu starfi,
- vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn,
- nýta sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar á ábyrgan og gagnrýninn hátt,
- nota fjölbreyttar námsaðferðir,
- umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi,
- getur tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum,
- hefur skýra sjálfsmynd og gerir sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt,
- getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk,
- ber virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti,
- ber virðingu fyrir náttúru og umhverfi í alþjóðlegu samhengi,
- tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar
- hefur tileinkað sér jákvætt viðhorf til náms,
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjærsamfélagi,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.

Hæfniprep 2

- Námsbrautir eru að jafnaði skipulagðar sem 90 til 120 fein. og taka yfirleitt um 3 til 4 annir.
- Námslok eru til dæmis próf til starfsréttinda, framhaldsskólapróf og önnur lokapróf.
- Námið felur í sér undirbúning undir sérhæfð og lögvarin störf og sérhæft aðfaranám.
- Námsbraut, sem er skilgreind með námslok á öðru hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan. Viðmiðin skulu einnig höfð til hliðsjónar við gerð námsáfanga sem flokkast á annað hæfniprep.

ÞEKKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í daglegu lífi og í tengslum við sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- þekkingu sem tengist því að vera ábyrgur þátttakandi í atvinnulífinu,
- þekkingu sem tengist umhverfinu og varðar sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- þekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám,
- orðaforða til að geta tjáð sig á erlendum tungumálum í tengslum við sérþekkingu krefjast hún þess.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein,
- skipuleggja einfalt vinnuferli starfsgreinar og/eða sérþekkingar og beita viðeigandi tækni í því sambandi,
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í grunnvinnubrögðum sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- taka þátt í samræðum um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt,
- getur tjáð sig á einfaldan og skýran hátt á erlendum tungumálum,
- ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis,
- býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi,
- hefur skýra sjálfsmynd og gerir sér grein fyrir nýjum tækifærum í umhverfinu,
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi og innan samfélags sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við starfsumhverfi og daglegt líf.

Hæfniprep 3

- Námsbrautir eru að jafnaði skipulagðar sem 150 til 240 fein. og taka yfirleitt um 5 til 8 annir.
- Námslok eru til dæmis stúdentspróf, próf til starfsréttinda og önnur lokapróf.
- Námið felur í sér sérhæfðan undirbúning undir háskólanám, lögvarin störf, sérhæft starfsnám og listnám.
- Námsbraut, sem er skilgreind með námslok á þriðja hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan. Viðmiðin skulu einnig höfð til hliðsjónar við gerð námsáfangna sem flokkast á þriðja hæfniprep.

ÞEKKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í daglegu lífi og í tengslum við sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- sérhæfðri þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings fyrir frekara nám,
- þekkingu sem tengist því að vera virkur og ábyrgur borgari í samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- þekkingu sem tengist umhverfinu í alþjóðlegu samhengi og varðar sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- orðaforða og þekkingu í erlendu tungumáli sem nýtist til frekara náms eða í tengslum við sérþekkingu krefjist hún þess.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, gagnrýninn og skapandi hátt um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein,
- skipuleggja vinnuferli, beita viðeigandi tækni og aðferðum starfsgreinar og/eða sérþekkingar á ábyrgan hátt,
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við að leita lausna innan sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- taka ábyrgan þátt í samræðum um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt,
- getur tjáð sig á erlendu tungumáli sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms,
- býr yfir siðferðilegri ábyrgð í skapandi starfi,
- býr yfir ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hagnýtingu almennrar þekkingar sinnar,
- getur nýtt þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu,
- býr yfir hæfni til að geta tekist á við frekara nám,
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- býr yfir hæfni til að meta eigið vinnuframlag,
- sjái menntun sína í alþjóðlegu samhengi,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi.

Hæfniprep 4

- Námsbrautir eru að jafnaði skipulagðar sem 30 til 120 fein. og taka yfirleitt um 1 til 4 annir. Þær eru skipulagðar sem framhald af námslokum af þriðja hæfniprepi.
- Námslokin eru skilgreind sem viðbótarnám við framhaldsskóla.
- Námið felur í sér aukna faglega sérhæfingu og/eða dýpkun í tengslum við þróun og nýsköpun.
- Námsbraut, sem er skilgreind með námslok á fjórða hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan. Viðmiðin skulu einnig höfð til hliðsjónar við gerð námsáfanga sem flokkast á fjórða hæfniprep.

ÞEKKING

Nemandi býr yfir:

- sérhæfðri þekkingu sem nýtist til framgangs í starfi og/eða til undirbúnings fyrir frekara nám,
- sérhæfðum orðaforða í erlendu tungumáli sem nýtist til framgangs í starfi og/eða til undirbúnings fyrir frekara nám.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- leiðbeina og miðla þekkingu sinni á skýran og skapandi hátt,
- skipuleggja vinnuferli, beita viðeigandi tækni og þróa aðferðir starfsgreinar og/eða sérþekkingar á ábyrgan hátt,
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við að greina aðstæður og bregðast við á viðeigandi, raunhæfan og skapandi hátt.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á íslensku og erlendu tungumáli sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms,
- getur tekið þátt í samræðum á grundvelli sérhæfðrar þekkingar og leikni á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt,
- býr yfir siðferðislegri ábyrgð á hagnýtingu og þróun sérhæfðrar þekkingar sinnar gagnvart starfsumhverfi,
- býr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur í samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- getur metið eigið vinnuframlag og annarra í tengslum við starfsumhverfi og/eða sérþekkingu á gagnrýnninn og uppbyggilegan hátt,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við alþjóðlegt umhverfi.

NÁMSLOK Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

8

Við þróun námsframboðs leggur mennta- og menningarmálaráðuneytið áherslu á að nemendum gefist kostur á að ljúka námi af námsbrautum sem skilgreindar eru á ólík hæfniprep. Enn fremur er lögð áhersla á að nemendur sem ljúka námi á fyrstu þrepum framhaldsskólans gefist kostur á áframhaldandi námi.

Hér að neðan er fjallað almennt um mismunandi gerðir námsloka en nánari lýsingu má sjá í viðauka 2. Skólar gefa út prófskírteini til staðfestingar námslokum (sjá einnig kafla 11.3).

8.1 Framhaldsskólapróf

Framhaldsskólaprófi er ætlað að koma til móts við þá áherslu að nemendur njóti fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og að framhaldsskólarnir bjóði upp á menntun sem henti þörfum hvers og eins. Einnig er því ætlað að koma til móts við þarfir nemenda sem ekki hyggja á önnur námslok. Þannig getur skóli hvort sem er tengt framhaldsskólapróf við lok skilgreindrar námsbrautar eða tengt það annarri þátttöku nemandans í skólanum sem sniðin er að einstaklingsbundnum þörfum hans. Þó skulu lokamarkmið námsins í öllum tilvikum vera skýr.

Framhaldsskólapróf geta hvort sem er verið skilgreind á fyrsta eða annað hæfniprep en það ræðst af því hvaða kröfur eru gerðar um þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Viðfangsefni námsins getur flokkast sem starfsnám, listnám eða bóknám en vinnur að þeim markmiðum sem einkenna hæfniprep námsins.

Umfang náms til framhaldsskólaprófs fer eftir lokamarkmiðum námsins en skal alltaf vera á bilinu 90-120 fein. Ef vilji er til að námsbraut ætluð nemendum með þroskahömlun ljúki með framhaldsskólaprófi gilda sömu reglur um umfang.

Framhaldsskólaprófinu lýkur með útgáfu prófskírteinis þar sem kemur fram hæfniprep námsloka, umsögn um almenna þekkingu, leikni og hæfni nemandans, upptalning áfanga, einkunnir eftir því sem við á og skrá um aðra þátttöku nemandans í viðfangsefnum tengdum framhaldsskólaprófinu.

8.2 Próf til starfsréttinda

Próf til starfsréttinda eru skilgreind sem námslok af námsbraut sem veitir löggilt starfsréttindi eða veitir nemendum heimild til að þreyta sveinspróf í löggiltri iðngrein. Þessi námslok geta verið skilgreind á hæfniprep tvö, þrjú eða fjögur.

Hæfniviðmið starfsnámsbrauta skulu taka mið af kröfu ráðuneytis um lykilhæfni og hæfnikröfur starfa sem starfsgreinaráð viðkomandi starfsgreinaflokks eða starfsgreinar skilgreinir. Auk þessa gilda ákveðnar reglur um uppbyggingu námsbrauta.

Umfang náms er mismunandi eftir því hvaða hæfniprepi námslokin tengjast. Próf til starfsréttinda með námslok á hæfniprepi tvö eru að jafnaði 90-120 fein., námslok á hæfniprepi þrjú eru að jafnaði 150-240 fein. og námslok á hæfniprepi fjögur eru að jafnaði 30-120 fein.

Prófum til starfsréttinda lýkur með útgáfu prófskírteinis frá framhaldsskóla og leyfisbréfi frá fagráðuneyti. Í prófskírteini frá framhaldsskóla skulu meðal annars koma fram hæfniprep námsloka, yfirlit yfir áfanga, vinnustaðanám, starfsþjálfun og einkunnir.

8.3 Stúdentspróf

Stúdentspróf miðar að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlandis og erlendis. Námsstími til stúdentsprófs getur verið breytilegur milli námsbrauta og skóla en framlag nemenda skal þó aldrei vera minna en 200 fein. Námslokin eru í öllum tilvikum skilgreind á hæfniprep þrjú. Inntak náms til stúdentsprófs er háð lokamarkmiðum námsbrautarinnar en fer einnig eftir því hvers konar undirbúning viðkomandi námsbraut veitir fyrir háskólanám. Uppistaða námsins getur því falið í sér bóknám, listnám eða starfsnám.

Hæfniviðmið stúdentsbrauta skulu taka mið af kröfum ráðuneytis og hæfnikröfum fræðasviða háskólastigsins. Um nám til stúdentsprófs gilda sérstakar reglur auk ákvæða um lágmarkseiningafjölda. Þær lúta að hæfnikröfum í kjarnagreinum og öðrum greinum auk þeirra reglna sem gilda almennt um innihald og uppbyggingu námsbrauta með námslok á þriðja hæfniprepi.

Stúdentsprófi lýkur með útgáfu prófskírteinis þar sem kemur fram á hvaða sérsviði prófið er, hæfniprep námsloka, upptalning áfanga og einkunna.

Stúdentsprófið tryggir ekki sjálfkrafa aðgang að öllu námi á háskólastigi. Einstakir háskólar eða háskóladeildir geta sett ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum geta nemendur þurft að gangast undir inntökupróf. Það er mikilvægt að nemendur, sem stefna að inngöngu á tiltekna námsbraut á háskólastigi, afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning. Jafnframt er mikilvægt að skólar miðli upplýsingum til nemenda með náms- og starfsráðgjöf.

8.4 Önnur lokapróf

Námslok af námsbrautum sem ekki lýkur með stúdentsprófi, prófi til starfsréttinda eða framhaldsskólaprófi flokkast sem önnur lokapróf. Þarna er um að ræða margs konar námsbrautir sem ýmist eru skilgreindar á hæfniprep eitt, tvö eða þrjú. Hæfniviðmið námsbrautanna segja til um sérhæfingu sem getur fallið undir starfsnám, listnám, bóknám eða almennt nám. Hæfniviðmið skulu taka mið af kröfu ráðuneytis, hæfnikröfum starfa eða fræðasviða háskólastigsins eftir því sem við á. Ef hæfniviðmið námsbrauta beinast hvorki að því að undirbúa nemendur undir skilgreind störf né áframhaldandi nám á háskólastigi getur skóli leitað til ráðuneytis um leiðsögn um hæfnikröfur.

Umfang annarra lokaprófa eru mismunandi eftir því hvaða hæfniprepi námslokin tengjast. Önnur lokapróf með námslok á fyrsta hæfniprepi eru að jafnaði 30-120 fein., námslok á hæfniprepi tvö eru að jafnaði 60-120 fein., námslok á hæfniprepi þrjú eru að jafnaði 150-240 fein. og námslok á hæfniprepi fjögur eru að jafnaði 30-120 fein. Umfang námsbrauta fyrir nemendur með þroskahömlun geta verið allt að 240 fein. Þrátt fyrir að skilgreinast sem önnur lokapróf á fyrsta hæfniprepi.

8.5 Viðbótarnám við framhaldsskóla

Viðbótarnám við framhaldsskóla felur í sér námslok af námsbrautum sem framhaldsskólar bjóða upp á sem framhald af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Viðbótarnám við framhaldsskóla er skilgreint á framhaldsskólastigi og skal námið skilgreint í framhaldsskólalæiningum.

Háskólar innlendir sem erlendir geta ákveðið að meta viðbótarnám við framhaldsskóla til ECTS-eininga og er þá leyfilegt að geta þess í upplýsingum um námið. Einingafjöldinn er þó algjörlega á forræði hvers háskóla.

Inntak viðbótarnámsins er breytilegt eftir lokamarkmiðum. Það beinist að aukinni faglegri sérhæfingu, stjórnun og þróun á starfsvettvangi. Ef námið felur í sér löggilt starfsréttindi, svo sem iðnmeistarapróf, ber framhaldsskólum að fylgja þeim hæfnikröfum sem settar eru fram af ráðuneyti í samvinnu við starfsgreinaráð.

FRAMHALDSSKÓLAEINING

9

Öll vinna nemenda í framhaldsskóla skal metin í stöðluðum námseiningum og skal að baki hverri einingu liggja því sem næst jafnt vinnuframlag nemenda. Öll vinna nemenda í fullu námi veitir 60 framhaldsskólæiningar (fein.) á einu skólaári eða 30 einingar á önn.

Ein framhaldsskólæining samsvarar 18 til 24 klukkustunda vinnu meðalnemanda, það er að segja þriggja daga vinnu nemenda ef gert er ráð fyrir sex til átta klukkustunda vinnu að meðaltali á dag eftir eðli viðfangsefna og afkastagetu nemenda.

Við útreikning á fjölda framhaldsskólæininga er tekið tillit til:

- þátttöku nemenda í kennslustund óháð kennsluformi,
- vinnustaðanáms undir umsjón tilsjónarmanns,
- starfsþjálfunar á vinnustað eða í skóla,
- þátttöku í námsmati, svo sem próftöku,
- heimavinnu, verkefnavinnu og annarrar vinnu sem ætlast er til að nemandi sinni.

NÁMSBRAUTALÝSINGAR

10

Framhaldsskólar, einn eða fleiri sameiginlega, gera tillögu að námsbrautarlýsingu og leggja hana fyrir ráðuneyti til staðfestingar. Námsbrautalýsingar, sem hlotið hafa staðfestingu, eru þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla.

Ráðuneytið mun gefa út námsbrautalýsingar, dæmabrautir, sem einstakir framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar við gerð námsbrautalýsinga til framhaldsskólaprófa, starfsréttindaprófa, stúdentsprófa og annarra lokaprófa. Gert er ráð fyrir að dæmabrautir séu unnar í samstarfi við framhaldsskóla, háskóla og atvinnulíf og verði hafðar til hliðsjónar í staðfestingarferli ráðuneytisins. Ráðuneyti getur staðfest dæmabrautir þannig að þær verði hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla.

Við þróun námsbrauta leggur ráðuneytið áherslu á að nemendum gefist kostur á námslokum á ólíkum hæfniprepum. Jafnframt sé tryggt að nemendum sem ljúka námi sem skilgreint er á fyrsta eða öðru hæfniprepi, gefist kostur á áframhaldandi námi.

Námsbrautalýsingar skulu byggðar upp í samræmi við ákvæði almenns hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og skólanámskrár viðkomandi skóla. Í námsbrautarlýsingu skal m.a. fjallað um:

- tengsl náms við atvinnulíf og/eða önnur skólastig,
- skipulag náms, svo sem lokamarkmið, umfang náms, á hvaða hæfniprepi námslokin eru skilgreind, hvort um er að ræða framhaldsskólapróf, próf til starfsréttinda, stúdentspróf, önnur lokapróf eða viðbótarnám við framhaldsskóla,

- inntökuskilyrði og skilyrði um framvindu náms,
- hvar og hvernig grunnþættir og lykilhæfni endurspeglast í almennri og sérhæfðri menntun námsbrautar,
- nám, kennslu og námsmat,
- uppbyggingu náms á hæfniprep og áfangalýsingar.

Hér á eftir fara helstu reglur um gerð námsbrautalýsinga og gilda þær við skipulag allra námsbrauta óháð viðfangsefnum og nemendahópum.

10.1 Hæfniviðmið

Framhaldsskólar skulu bjóða nemendum nám við hæfi þar sem tekið er mið af hæfni nemandans og framtíðaráformum. Lokamarkmið hvernar námsbrautar skulu endurspegla hæfni nemenda að loknu námi. Þau kallast því hæfniviðmið og skulu vera lýsandi þannig að nemendur viti í upphafi að hverju er stefnt. Lögð er áhersla á að öll svið lykilhæfninnar séu sýnileg í hæfniviðmiðum námsbrauta.

10.2 Námsáfangar

Skólar geta samið áfangalýsingar í tengslum við gerð námsbrautalýsinga. Hver áfangalýsing er skipulögð sem sjálfstæð heild og ber sérstakt áfanganúmer.

Námsáfangar skulu tengdir við hæfniprep og er miðað við að lágmark 75% viðfangsefna áfangans falli innan skilgreinds þreps. Í áfangalýsingu skal koma fram hvaða þekkingu, leikni og hæfni nemendur þurfa að ná, krafa um undanfara og umfang áfangans í framhaldsskólæiningum. Ráðuneytið birtir sniðmát um uppbyggingu áfangalýsinga og reglur um númerakerfi.

Við upphaf kennslu skal liggja fyrir námsáætlun (kennsluáætlun) í öllum áföngum. Þar skulu meðal annars koma fram:

- viðmið um þekkingu, leikni og hæfni,
- almenn lýsing á viðfangsefnum áfangans,
- námsefni og verkefni,
- fyrirkomulag námsmats.

10.3 Kjarnagreinar

Kjarnagreinar framhaldsskóla eru íslenska, stærðfræði og enska. Allar námsbrautir skulu að jafnaði gera kröfu til þess að nemendur öðlist að minnsta kosti hæfni sem

nemur lýsingu á fyrsta hæfniprepi kjarnagreina í viðauka 3. Við skipulag námsbrauta geta hæfniviðmið brautanna falið í sér kröfu um að nemendur þurfi að ná meiri hæfni í kjarnagreinum.

10.3.1 Kröfur um kjarnagreinar til stúdentsprófs

Allar brautir til stúdentsprófs skulu innihalda að lágmarki 45 fein. í kjarnagreinum, þ.e. er ensku, íslensku og stærðfræði.

Námsbrautir skulu vera skipulagðar þannig að nemendur nái að lágmarki hæfni á þriðja hæfniprepi samkvæmt lýsingu í viðauka 3. Heildarfjöldi framhaldsskólaeininga í íslensku á stúdentsbrautum skulu vera að lágmarki 20 fein. og skal þar af vera að lágmarki 10 fein. á þriðja hæfniprepi. Námsbrautir skulu einnig vera skipulagðar þannig að nemendur nái hæfni í stærðfræði og ensku á öðru hæfniprepi samkvæmt lýsingum í Viðauka 3. Lágmarksfjöldi eininga á öðru hæfniprepi eru 5 fein. í annaðhvort stærðfræði eða ensku. Ef valið er að taka lágmarksfjölda eininga á öðru hæfniprepi í stærðfræði þurfa nemandur að taka fleiri einingar í ensku og öfugt. Þessar reglur eru einnig sýndar í töflu hér að neðan.

Kröfur um kjarnagreinar til stúdentsprófs

Kjarnagrein	Lágmarkshæfni	Kröfur um lágmarksfjölda eininga
Íslenska	3. hæfniprep	Heildarfjöldi á 2. og 3. þrepi skal vera að lágmarki 20 fein., þar af 10 fein. á 3. þrepi.
Stærðfræði og enska	2. hæfniprep	Lágmarksfjöldi á 2. þrepi eru 5 fein. í annaðhvort stærðfræði eða ensku. Ef valið er að taka lágmarksfjölda eininga á öðru hæfniprepi í stærðfræði þurfa nemandur að taka fleiri einingar í ensku, og öfugt.
		Samtals verður að ná 45 fein.

Nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál, mega velja stærðfræði eða ensku upp á þriðja hæfniprep í stað íslensku. Þeir taka þá lágmark 5 fein. á öðru þrepi í íslensku.

10.3.2 Viðmiðunarpróf fyrir kjarnagreinar til stúdentsprófs

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skal námsmat í lokaáföngum kjarnagreina til stúdentsprófs taka mið af viðmiðunarprófum sem ráðherra lætur í té eða viðurkennir. Ráðuneytið mun birta dæmi um spurningar sem prófa hæfni í kjarnagreinum á öðru og þriðja hæfniprepi og geta skólar notað þær til viðmiðunar í lokaáföngum kjarnagreina til stúdentsprófs. Einnig geta skólar notað til viðmiðunar lýsingar á þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem einkennir kjarnagreinar á mismunandi hæfniprepum og birtar eru í viðauka 3.

10.4 Íþróttir, líkams- og heilsurækt

Framhaldsskólar skulu skipuleggja námsbrautir þannig að allir nemendur 18 ára og yngri stundi íþróttir – líkams- og heilsurækt. Jafnframt skulu framhaldsskólar skipuleggja námsbrautir þannig að nemendum gefist kostur á að taka íþróttáafanga á hverri önn.

10.5 Stúdentspróf

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs skulu gera lágmarkskröfu um norrænt tungumál að hæfniprepi þrjú og lágmarkskröfu um þriðja tungumál að hæfniprepi tvö (sjá Viðauka 3).

Sama krafa gildir um norrænt tungumál á öðrum brautum til stúdentsprófs en á þeim brautum skal að auki valið um kröfur að hæfniprepi tvö í þriðja tungumáli, samfélagsgreinum eða raungreinum.

10.6 Uppbygging námsbrauta

Ráðuneytið setur fram kröfur um hvernig námsáfangar brautar skuli dreifast á mismunandi hæfniprep. Sú krafa er breytileg eftir því á hvaða hæfniprep námslok námsbrautar eru skilgreind. Krafa um hlutfall áfanga á hverju þrepi er gefin upp á ákveðnu bili, til að gefa skólum og nemendum möguleika á að skipuleggja námið með mismunandi mikilli sérhæfingu. Kröfur um dreifingu áfanga á hæfniprep mynda sniðmát sem framhaldsskólar skulu nota við skipulag námsbrauta en ráðuneytið tekur einnig mið af þeim við ákvörðun um staðfestingu. Sniðmátunum er ætlað að tryggja stíganda í námi þannig að námsbrautin skili nemendum með þá hæfni sem krafist er við námslok. Þannig eru þau liður í gæðatryggingu námsins. Sniðmátunum er einnig ætlað að auðvelda samanburð milli námsbrauta, mat nemenda milli skóla og vera til hliðsjónar fyrir ráðuneytið við staðfestingu námsbrauta.

Við skipulag námsbrauta skulu framhaldsskólar leitast við að gefa nemendum tækifæri á bundnu og/eða frjálsum vali en þó þannig að kröfur ráðuneytis séu uppfylltar. Framhaldsskólum er þó heimilt, við skipulag námsbrauta, að skylda nemendur til að taka meira en lágmarksfjölda framhaldsskólæininga í bæði kjarnagreinum og öðrum greinum. Við val á skylduáföngum skal horft til kröfu um lykilhæfni, hæfniviðmiða námsbrautar og kröfu atvinnulífs og næsta skólastigs um nauðsynlegan undirbúning.

Við skipulagningu námsbrauta er skólum skylt að sjá til þess að nemendum gefist kostur á að öðlast skilgreinda lykilhæfni. Hvernig þessu er hagað skal koma skýrt fram í námsbrautarlýsingu og skólanámskrá. Hér getur skóli ýmist valið að gera hinum ýmsu þáttum og sviðum lykilhæfninnar skil í samþættum viðfangsefnum eða innan vébanda hefðbundinna námsgreina, þar sem það á við, svo sem innan íslensku, íþróttá, erlendra tungumála, lífsleikni, náttúrufræði, sögu, stærðfræði og upplýsingatækni.

Framhaldsskólum er heimilt að bjóða upp á námsleiðir sem gefa nemendum kost á að skipuleggja nám sitt að stórum hluta sjálfir og flokkast þær undir önnur lokapróf eða stúdentspróf. Slíkar námsleiðir lúta sömu reglum og aðrar námsbrautir hvað varðar uppbyggingu og innihald. Réttindi, sem ávinnast við þessar námsleiðir, eru algerlega háð samsetningu námsins og er mikilvægt að nemendum sé gerð skýr grein fyrir því. Þar skiptir leiðsögn náms- og starfsráðgjafa miklu máli.

10.6.1 Námsbrautir með námslok á fyrsta hæfniprepi

Námsbrautir með námslok á fyrsta hæfniprepi eru að jafnaði 30-120 fein. en geta verið allt að 240 fein. fyrir nemendur með þroskahömlun. Námið er nær allt á fyrsta hæfniprepi en nemendur geta tekið allt að 10% námsins á hæfniprepi tvö. Þannig hafa þeir möguleika á að dýpka hæfni sína.

NÁMSLOK Á HÆFNIPREPI 1		
Dreifing náms á hæfniprep		
Hæfniprep	Viðmið um hlutfall náms	
	Lágmark	Hámark
1	90%	100%
2	0	10%

Sniðmát fyrir námslok á hæfniprepi 1

Sniðmátið felur í sér að minnsta kosti 90% námsins skal vera skilgreint á fyrsta hæfniprepi. Allt að 10% námsins má vera skilgreint á öðru þrepi.

10.6.2 Námsbrautir með námslok á öðru hæfniprepi

Námsbrautir með námslok á öðru hæfniprepi eru að jafnaði 90-120 fein. Miðað er við að lágmark 25% námsins sé á fyrsta hæfniprepi en aldrei meira en 50%. Að minnsta kosti helmingur námsins og allt að 75% skulu vera sérhæfing á öðru hæfniprepi. Framhaldsskólar geta skipulagt námsleiðir þannig að nemendur taki allt að 10% námsins á þriðja hæfniprepi. Með því móti hafa nemendur möguleika á að öðlast meiri sérhæfingu.

NÁMSLOK Á HÆFNIPREPI 2		
Dreifing náms á hæfniprep		
Hæfniprep	Viðmið um hlutfall náms	
	Lágmark	Hámark
1	25%	50%
2	50%	75%
3	0	10%

Sniðmát fyrir námslok á hæfniprepi 2

Sniðmátið felur í sér að fjórðungur til helmingur námsins skal vera á fyrsta þrepi. Helmingur til 75% námsins skal vera á öðru þrepi og allt að 10% má vera skilgreint á þriðja þrepi.

10.6.3 Námsbrautir með námslok á þriðja hæfniprepi

Námsbrautir með námslok á þriðja hæfniprepi eru að jafnaði 150-240 fein. Miðað er við að lágmark 17% námsins sé almennt nám á fyrsta hæfniprepi og aldrei meira en 33%. Þriðjungur (33%) til helmingur námsins er sérhæfing á öðru hæfniprepi. Á þriðja hæfniprepi skal að lágmarki vera skilgreint 17% námsins og að hámarki 33%.

Nám á þriðja hæfniprepi byggist á námi af öðru þrepi og felur því í sér forkröfur. Nám á þriðja þrepi ásamt forkröfum af öðru þrepi mynda sérsvið brautar sem hægt er að kenna brautina við. Framhaldsskólar geta skipulagt námsleiðir þannig að nemendur taki allt að 10% námsins á fjórða hæfniprepi. Á þann hátt hafa nemendur möguleika á að öðlast enn meiri sérhæfingu.

NÁMSLOK Á HÆFNIÞREPI 3		
Dreifing náms á hæfniprep		
Hæfniprep	Viðmið um hlutfall náms	
	Lágmark	Hámark
1	17%	33%
2	33%	50%
3	17%	33%
4	0	10%

Sniðmát fyrir námslok á hæfniprepi 3

Sniðmátið felur í sér að 17% til 33% námsins skal vera skilgreint á fyrsta þrepi, 33% til 50% námsins skal vera skilgreint á öðru þrepi, 17% til 33% hluti námsins skal vera á þriðja þrepi og allt að 10% má vera skilgreint á fjórða þrepi.

10.6.4 Námsbrautir með námslok á fjórða hæfniprepi

Þessar námsbrautir eru skilgreindar sem viðbótarnám við framhaldsskóla og eru því að jafnaði skipulagðar sem framhaldsnám við skilgreind námslok á framhaldsskólastigi á þriðja hæfniprepi. Námsbrautir með námslok á fjórða hæfniprepi eru að jafnaði 30-120 fein. Miðað er við að þær námsbrautir séu skipulagðar þannig að lágmark 70% námsins sé skilgreint á fjórða hæfniprep.

NÁMSLOK Á HÆFNIÞREPI 4		
Dreifing náms á hæfniprep		
Hæfniprep	Viðmið um hlutfall náms	
	Lágmark	Hámark
3	0%	30%
4	70%	100%

Sniðmát fyrir námslok á hæfniprepi 4

Sniðmátið felur í sér að lágmark 70% námsins skal vera skilgreint á fjórða hæfniprepi. Það felur í sér að ekki má skilgreina meira en 30% námsins á hæfniprep þrjú.

10.7 Staðfesting námsbrauta

Námsbrautalýsingar framhaldsskóla, sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra, eru þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla. Tilkynning um staðfestingu ráðherra á námsbrautalýsingum og brottfelling námsbrautalýsinga eru auglýstar í Stjórnartíðindum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið setur fram reglur um viðtöku umsókna og staðfestingu námsbrautalýsinga, auk þeirra reglna sem kveðið er á um í almennum hluta aðalnámskrár um uppbyggingu og framsetningu námsbrautalýsinga.

Við staðfestingu námsbrauta er meðal annars farið yfir framsetningu hæfniviðmiða, birtingarmynd grunnþátta og lykilhæfni, reglur um samhengi í námi og vægi námsþátta, tengsl einingafjölda við áætlaða vinnu nemenda og hvort lokapróf er staðsett á réttu hæfniprepi. Í þessari vinnu er meðal annars stuðst við umsagnir fagaðila, svo sem starfsgreinaráða og fulltrúa háskólastigs. Umsagnir taka mið af þeim kröfum sem ráðuneytið birtir sem hæfnikröfur starfa og hæfnikröfur fræðasviða.

NÁMSMAT

11

Eins og áður hefur komið fram gegnir framhaldsskólinn fjölbreyttu hlutverki og þjónar nemendum sem stefna að mismunandi marki. Áhersla er lögð á hæfni nemenda á vegferð þeirra og mikilvægt að námsmatið styðji við þau markmið sem stefnt er að.

Oft er tilgangur námsmats að kanna að hve miklu leyti nemendur hafa tileinkað sér markmið aðalnámskrár í viðkomandi grein en einnig þarf að horfa til lykilhæfni nemenda. Æskilegt er að í námsmati felist jafnframt leiðsagnarmat, það er leiðbeining til nemenda um hvernig þeir geti með árangursríkustum hætti hagað námi sínu í framhaldinu.

Námsmat gegnir mikilvægu hlutverki við að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að skólar setji sér stefnu varðandi fjölbreytt námsmat og leiðsögn nemenda. Námsmat skal vera réttmætt og áreiðanlegt og umfang þess í samræmi við nám og kennslu í viðkomandi áfanga.

Námsmat skal byggja á margvíslegum námsmatsaðferðum og fela í sér traustar heimildir um hæfni nemenda. Þess skal gætt að námsmatið taki til allra þátta námsins þannig að þekking nemenda, leikni og hæfni auk framfara sé metin. Námsmatsaðferðir geta verið verklegar, munnlegar eða skriflegar, falið í sér sjálfsmat, jafningjamat, símat og lokamat.

Framhaldsskólar skulu setja skýrar verklagsreglur um námsmat og birta þær í skólanámskrá.

Þar eiga að koma fram:

- viðmið um vægi einstakra þátta í námsmati,
- skilyrði til að áfanga sé náð,
- lokakröfur námsbrauta, ef við á,
- reglur sem varða veikindi nemenda og réttindi til töku sjúkraprófa,
- réttur nemenda til að skoða prófúrlausnir og símatsgögn sem eru liður í lokaeinkunn,
- réttindi nemenda á sérúrræðum við námsmat, t.d. aðgangur að sérsniðnum prófgögnum, munnleg próf, lengri próftími, umsóknarmöguleikar fatlaðra og langveikra nemenda um frávik frá hefðbundnu námsmati og svo framvegis; aðstoðin felur ekki í sér að dregið sé úr námskröfum eða þeim hagað með öðrum hætti gagnvart þessum hópi nemenda en almennt gildir,
- önnur þjónusta veitt vegna prófkvíða, aðstoð við nemendur sem eiga við fötlun og/eða sértæka námserfiðleika að etja,
- viðurlög við misferli nemendum tengdu hvers konar námsmati, svo sem hvað þurfi til að nemendum sé vísað frá prófi, vikið úr einstökum áfanga eða skóla, tímabundið eða til frambúðar.

11.1 Lokavitnisburður og einkunnir

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara undir umsjón skólameistara. Framhaldsskólaprófum skal fylgja umsögn um almenna þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Þeir nemendur sem hyggjast ljúka stúdentsprófi skulu hafa lokið öllum námsáföngum samkvæmt námskrá með fullnægjandi árangri samkvæmt mati viðkomandi skóla. Í kjarnagreinum framhaldsskóla skal námsmat í lokaáföngum til stúdentsprófs taka mið af viðmiðunarprófum sem ráðherra lætur í té eða viðurkennir. Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi en um uppbyggingu og framkvæmd þeirra er fjallað í sérstakri reglugerð.

Niðurstöður námsmats má birta sem einkunnir og/eða umsagnir. Lokavitnisburður, sem birtist á útgefnum námsferlum og prófskírteinum nemenda, skal vera í heilum tölum á bilinu 1-10 eða í kerfi sem hægt er að tengja við það með skýrum hætti. Sú krafa er sett fram til að auðvelda mat á námi nemenda milli skóla. Að jafnaði skal miða við að 5 sé lágmarkseinkunn til að standast námsáfanga. Frávik frá því skulu skýrð í námsbrautarlýsingu og birtast í skólanámskrá.

Meðferð og birtingu einkunna ber að haga í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Því er skólum óheimilt að birta einkunnir einstakra nemenda

undir nafni, kennitölu eða öðru skráningarauðkenni sem hægt er að persónugreina nema fyrir liggja skrifleg heimild viðkomandi nemanda. Ef nemandi er ólöggráða má skóli afhenda forráðamanni vitnisburð nemanda en annars þarf skriflega heimild viðkomandi nemanda.

Framhaldsskólum ber að setja fram skýrar verklagsreglur um einkunnir og birtingu þeirra. Þar á að koma fram:

- tímafrestur fyrir nemendur til að skoða úrlausnir sínar í viðurvist kennara,
- reglur um leiðréttingu á einkunnagjöf og birtingu nýrrar einkunnar.

11.2 Prófúrlausnir og símatsgögn sem eru liður í lokaeinkunn

Skóla er skylt að varðveita allar prófúrlausnir lokaprófa í eitt ár hvort sem þær eru skriflegar eða rafrænar, í samræmi við ákvæði laga um Þjóðskjalasafn. Innan þess tíma á próftaki rétt á að fá að sjá úrlausn og fá af henni afrit. Að þeim tíma liðnum ber skólameistari ábyrgð á að eyða öllum prófúrlausnum.

Símatsgögn falla undir þetta ákvæði eins og kostur er og framkvæmanlegt getur talist. Allar umsagnir kennara og einkunnir sem gefnar eru fyrir einstök verkefni, smærri próf, heimapróf, ritgerðir og skýrslur þarf að geyma í ár. Smíðisgripir og teikningar sem talist geta til lokaverkefna ber ekki að geyma en miða við að nemendur fari ekki með gripina úr skólanum fyrr en að lokinni prófsýningu sem jafngildi því að þeir geri ekki athugasemd við fyrirbyggjandi einkunn.

Samkvæmt upplýsingalögum geta þeir sem þess óska fengið afhent eintök af lokaprófsverkefnum skóla eftir að próf í viðkomandi greinum hefur verið þreytt.

11.3 Prófskírteini

Skóli gefur út prófskírteini til staðfestingar á námslokum nemanda. Á prófskírteini skal koma fram merki skóla og heiti, upplýsingar um nám nemanda svo sem heiti námsloka og námsbrautar, uppröðun náms á hæfniprep, einstakar námsgreinar og áfangaheiti, einkunnir áfanga og ef við á hvaða réttindi námið veitir. Auk þess skal skólasóknareinkunn eða vitnisburður um ástundun koma fram. Prófskírteinið skal vera dagsett, stimplað og undirritað. Einstakir framhaldsskólar geta bætt við upplýsingum telji þeir þörf á því.

Handhafi prófskírteinis getur fengið þýðingu þess á ensku ef hann óskar og sér sá framhaldsskóli sem útskrifar nemandann um gerð slíkrar þýðingar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið birtir á vef viðauka með prófskírteinum starfsnámsbrauta á

íslensku og ensku. Þar er lýst þeirri hæfni sem handhafi prófskírteinis býr yfir að námi loknu og próflok tengd við hæfniprep í íslenskum og evrópskum viðmiðaramma.

Skóla er skylt að varðveita afrit prófskírteina í tryggri hirslu í samræmi við ákvæði laga um Þjóðskjalasafn.

11.4 Ágreiningur um námsmat

Nemendur eiga rétt á að fá útskýringar á mati sem liggur að baki lokaeinkunn í námsáfanganna innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemendur, sem ekki hafa náð lágmarkseinkunn, þá eigi una mati kennarans geta þeir snúið sér til skólameistara og óskað eftir mati sérstaks prófdómara. Þá skal kveða til óvilhallan prófdómara sem metur prófúrlausnir. Úrskurður hans er endanlegur og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Fjallað er um meðferð ágreiningsmála vegna árangurs í sveinsprófum í gildandi reglugerð þar um.

STJÓRNUN SKÓLA OG SKÓLANÁMSKRÁ

12

Skólameistari veitir framhaldsskóla forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

12.1 Skólanámskrá

Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá og skiptist hún í almennan hluta annars vegar og námsbrauta- og áfangalýsingar hins vegar. Auk þess að taka mið af lögum og reglugerðum um framhaldsskóla skulu önnur lög, reglugerðir og reglur hafðar til hliðsjónar við gerð skólanámskrár eftir því sem efni standa til og nauðsyn krefur.

Skólanámskráin er unnin af starfsfólki skólans undir stjórn skólameistara og skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar. Hún skal birt á aðgengilegan hátt á vef skólans og vera uppfærð reglulega.

Sýn, stefna, áætlanir og markmið

Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn auk sérstöðu hans eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólinn setur sér markmið sem byggjast á hlutverki hans og stefnu samkvæmt skólanámskrá, starfsáætlunum og umbótaáætlunum í samræmi við innra mat á starfsemi

hans. Jafnframt eiga markmiðin að taka tillit til áherslna og markmiða ráðuneytis. Gert er ráð fyrir að markmiðin snerti alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er birt lýsing á því kerfisbundna innra mati sem notað er til að leggja mat á gæði skólastarfsins ásamt árlegum áherslum og áætlunum um innra mat.

Í skólanámskrá skal birta stefnu skólans í einstökum málefnum, svo sem í forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum. Forvarnir skulu vinna gegn einelti, ofbeldi, reykingum, annarri tóbaksnotkun og notkun vímuefna og stuðla að vörnum gegn sjálfsvígum og vanlíðan. Einnig skal birta stefnu skólans í umhverfismálum og jafnréttismálum, móttökuáætlun, áætlun gegn einelti, rýmingaráætlun, áfallaáætlun og viðbrögð við vá, svo sem faraldri, óveðri, eldgosi og jarðskjálftum.

Umgjörð og skipulag

Í skólanámskrá er fjallað um umgjörð skólastarfsins og skipulag kennslunnar, t.d. hvað varðar staðnám, dreifnám og fjarnám. Þar er kveðið á um fyrirkomulag innritunar nemenda samkvæmt skólasamningi, þar með talin þau atriði sem skóli tekur sérstakt tillit til við afgreiðslu nýrra umsókna um skólavist. Einnig er fjallað um reglur um umgengni og samskipti í skóla, á samkomum á vegum skóla og á heimavist.

Í skólanámskrá eru einnig birtar verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, til dæmis hvað varðar námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar eru einnig upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga. Gerð er grein fyrir siðareglum inn á við og út á við, samskiptum við forsjárforeldra/forráðamenn nemenda undir lögaldri, samskiptum við aðra skóla héraðs og erlendis og samstarfi við aðila á vinnumarkaði og nærsamfélag.

Þjónusta

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir aðbúnaði, aðstöðu og almennri þjónustu við nemendur.

Skólabragur og félagsstarf

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, t.d. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi. Einnig skulu í skólanámskrá vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Námsframboð

Hver skóli birtir þær námsbrautalýsingar og áfangalýsingar sem í boði eru hverju sinni.

Árleg starfsáætlun

Einn hluti skólanámskrárinnar er árleg starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum dagsetningum og öðrum grunnupplýsingum um starfsemi skólans. Þar er gerð grein fyrir starfsfólki skólans, skólaráði, skólanefnd, foreldraráði og nemendaráði.

12.2 Skólanefnd

Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn en í henni sitja fimm manns. Tveir eru tilnefndir af sveitarstjórn og þrír eru skipaðir án tilnefningar. Kennarar, foreldrar og nemendafélag tilnefna hvert sinn áheyrnarfulltrúann. Skólanefnd markar áherslur í skóla-starfinu og er skólameistara til ráðgjafar í margvíslegum málum. Skólameistari situr fundi skólanefndar. Fundargerðir skulu vera aðgengilegar almenningi á heimasíðu skóla.

12.3 Kennarafundir og skólafundir

Í framhaldsskólum skal halda kennarafund að minnsta kosti tvisvar á skólaári. Skólameistari boðar til fundar, leggur fram dagskrá og stýrir fundi eða felur öðrum stjórn hans. Allir kennarar sem starfa við skóla eiga rétt til setu á kennarafundi. Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma en öllum sem þar eiga seturétt er heimilt að bera þar fram mál. Kennarafundur kys fulltrúa í skólaráð og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Í framhaldsskólum skal einnig halda skólafund að minnsta kosti einu sinni á skólaári. Rétt til setu á skólafundi eiga allir starfsmenn skóla ásamt fulltrúum nemenda samkvæmt nánari ákvörðun skólameistara. Á skólafundi er rætt um málefni viðkomandi skóla. Fundargerð skólafundar skal kynnt skólanefnd.

12.4 Nemendafélög

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

12.5 Heimili og skóli

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla.

Framhaldsskólar sinna bæði lögráða og ólögráða einstaklingum og breytist því samstarf heimilis og skóla við 18 ára aldur. Samstarf milli framhaldsskóla og foreldra ólögráða

nemenda er mikilvægur liður í að draga úr skilum milli skólastiga, veita nemendum nám og ráðgjöf við hæfi og efla forvarnir. Ólögráða nemendur eru undir forsjá foreldra eða annarra sem hefur verið falin forsjá þeirra samkvæmt lögum og er skólum skylt að upplýsa þá um námsframvindu barna þeirra svo og mál sem upp kunna að koma varðandi skólagöngu þeirra. Leyfi lögráða nemenda þarf til að afhenda foreldrum gögn er varða nám þeirra.

Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

SAMSTARF OG SKIL MILLI SKÓLASTIGA

13

13.1 Framhaldsskólastig

Mikilvægt er að nám nemenda, sem færast á milli skóla eða námsbrauta, nýtist þeim eins og kostur er. Samkvæmt lögum geta tveir eða fleiri framhaldsskólar staðið sameiginlega að gerð námsbrautalýsinga. Þannig samstarf eða samstarf um sameiginlegt framboð námsbrauta er liður í að auðvelda nemendum að færast á milli skóla og gefur litlum skólum í samvinnu við stóra skóla kost á að bjóða upp á fjölbreyttara nám. Skólar geta bæði boðið upp á sömu námsbrautir eða sameinast um framkvæmd á annan hátt. Þannig getur einn skóli boðið upp á fyrri hluta námsbrautar og nemendur tekið seinni hlutann í samstarfsskóla. Skólar geta einnig sameinast um kennslu áfanga.

Samvinna skóla getur einnig tekið til stoðþjónustu, svo sem tölvukerfis eða vefþjónustu.

13.2 Grunnskólastig

Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Grunnskólanemendur geta hafið nám í framhaldsskóla samhliða grunnskólanámi ef fyrir liggur samkomulag milli viðkomandi grunnskóla og framhaldsskóla um framkvæmdina. Jafnframt þarf að gera samning milli ríkis og sveitarfélags þar sem m.a. kemur fram að nemendur og skipulag náms sé á ábyrgð grunnskólans.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla. Ef nemendur í grunnskóla uppfylla hæfnikröfur í einstökum greinum framhaldsskólans eiga þeir rétt á því að fá nám sem þeir hafa lokið metið til eininga, enda fellur námið að námskrá og námsbrautalýsingum viðkomandi framhaldsskóla og námskröfur eru sambærilegar. Forsenda fyrir námsfyrirkomulagi af þessu tagi er formlegt samstarf á milli grunnskóla og framhaldsskóla.

13.2.1 Tengsl við hæfniprep í framhaldsskóla

Fyrsta hæfniprep framhaldsskóla skarast við unglíngastig grunnskóla á þann hátt að lýsing á fyrsta hæfniprepi framhaldsskóla er jafnframt lýsing á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok grunnskóla. Ennfremur hefur í aðalnámskrá grunnskóla verið skilgreindur, við lok grunnskóla, samræmdur námsmatskvarði tengdur skilgreindum matsviðmiðum fyrir einstakar námsgreinar og námssvið.

Viðmið um mat á lykilhæfni í grunnskóla eru í takt við lýsingar á lykilhæfni í framhaldsskóla og lýsingu á einkennum fyrsta hæfniprepsins. Þessi viðmið, ásamt lýsingu á mati við lok grunnskóla innan mismunandi námssviða, nýtast framhaldsskólum við skipulag námsbrauta sem ætlað er að brúa bil milli grunn- og framhaldsskóla.

Samræmdum matskvarða við lok grunnskóla er ætlað að veita sams konar lýsingu á hæfni nemenda við lok grunnskóla, óháð skóla. Grunnskólar eru ábyrgir fyrir því að um réttmætt og áreiðanlegt mat sé að ræða við lok grunnskóla og að matið veiti nemendum, foreldrum og framhaldsskólum sem besta leiðsögn varðandi næstu skref nemenda.

Námsáfangar í framhaldsskóla eru skilgreindir á hæfniprep og hefja nemendur úr grunnskólum nám ýmist í áföngum á fyrsta eða öðru hæfniprepi eftir forkröfum áfanga og hæfni nemenda. Framhaldsskólar nýta einkunnir nemenda við lok grunnskóla meðal annars til leiðsagnar um í hvaða námsáföngum á fyrsta eða öðru hæfniprepi þeim hentar að hefja nám.

Við lok grunnskóla er notaður námsmatskvarði A-D og er hann skilgreindur þannig að nemandi sem fær B, B+ eða A hefur náð hæfniviðmiðum í 10. bekk. Þekking, leikni og hæfni nemenda við lok grunnskóla er samhljóða lýsingu á fyrsta hæfniprepi framhaldsskóla. Má því gera ráð fyrir að nemendur sem ná ofangreindum viðmiðum búi yfir hæfni til þess að hefja nám í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði í framhaldsskóla á öðru hæfniprepi. Mat á því hvaða þrep hentar best hverjum og einum er í höndum viðkomandi framhaldsskóla innan þeirra marka sem reglugerðir og samningar kveða á um.

13.3 Háskólastig

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli skólastiga og á það einnig við um skil milli framhaldsskóla og háskóla. Menntastofnunum er falið aukin ábyrgð á að þróa námsframboð á mörkum skólastiga til að auka sveigjanleika og möguleika nemenda við flutning þeirra milli skólastiga. Þannig geta fjölbreyttir námsáfangar á fjórða hæfniprepi skarast við nám á háskólastigi. Samstarf milli aðliggjandi skólastiga er forsenda þess að möguleiki gefist á mati á námi milli skólastiga.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Námið er skilgreint sem viðbótarnám við framhaldsskóla á fjórða hæfniprepi og gefið upp í framhaldsskólalæiningum.

Nám á fjórða hæfniprepi getur verið metið til eininga (ECTS) á háskólastigi, sbr. lög nr. 63/2006. Það er þó á forsendum hvernar háskólastofnunar fyrir sig, innlendirar sem erlendirar. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæiningum en ef fyrir liggur samstarfssamningur um mat á náminu við háskólastofnun má geta þess í upplýsingum um námsframboð.

13.4 Atvinnulíf

Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu. Samstarfið getur farið fram með mismunandi hætti og haft ólíkar áherslur.

Í sumum framhaldsskólum hafa verið myndað fagrað með fulltrúum úr atvinnulífinu sem m.a. eru ráðgefandi við ákvarðanir um áherslur í námi á einstökum námsbrautum. Einnig er víða samstarf milli framhaldsskóla og atvinnulífs sem tekur mið af sérstöðu nærsamfélagsins. Það getur beinst að þörfum fyrirtækja fyrir menntað starfsfólk og/eða þörfum nemenda skólans fyrir vinnustaðanáms eða starfsþjálfun. Þá eru dæmi um að skólar hafi samstarf við vinnustaði sem sjá þeim fyrir aðstöðu til verklegrar kennslu í einstökum námsáföngum.

Eitt af hlutverkum starfsgreinaráða, sem skipuð eru á grundvelli laga um framhaldsskóla, er að stuðla að gagnkvæmum skilningi og bættum tengslum milli atvinnulífs og skóla. Þau skilgreina m.a. þarfir fyrir þekkingu, leikni og hæfni sem námsbrautalýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar byggjast á og veita umsagnir um námsbrautalýsingar starfsnáms sem einstakir skólar leita eftir staðfestingu á.

13.5 Framhaldsfræðsla

Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 eiga að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Fyrst og fremst er um að ræða fólk sem horfið hefur frá námi út á vinnumarkaðinn án þess að hafa lokið skilgreindu námi á framhaldsskólastigi.

Framhaldsfræðsla felur í sér náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og nám samkvæmt námskrám sem mennta- og menningarmálaráðuneyti staðfestir. Meðal markmiða framhaldsfræðslunnar er að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og veita þeim aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Nám innan framhaldsfræðslunnar má meta til eininga í framhaldsskóla og er það í höndum stjórnenda hvers skóla að ákveða slíkt. Brýnt er að sá hluti þátttakenda í framhaldsfræðslu, sem óskar eftir að snúa til baka í formlegt nám í framhaldsskóla, fái nám sitt metið eins og kostur er. Mikilvægt er að framhaldsskólar og framhaldsfræðsluaðilar eigi samstarf um mat á námi til eininga og námsframboð sem tekur mið af getu og þörfum ólíkra nemenda með það fyrir augum að tryggja fjölbreytt námsframboð og greiðar leiðir áfram í námi.

13.6 Annað samstarf

Mikilvirk leið við að virkja ákvæði um grunnþætti í skólastarfi eru ýmis samstarfsverkefni við innlenda sem erlenda aðila. Þetta geta til dæmis verið samstarfsverkefni við aðra skóla, nærsamfélagið og félagasamtök.

Ýmsir möguleikar eru á samstarfsverkefnum milli skóla innanlands sem utan auk nemendaskipta. Enn fremur gefst framhaldsskólum oft kostur á þátttöku í ráðstefnum, rannsóknavinnu og alþjóðlegum samkeppnum skóla.

Alla þessa þætti má nýta við að virkja félagsleg og menningarleg tengsl nemenda við samfélög nær og fjær, auk þess að efla vitund þeirra um sjálfbærni, læsi og sköpun.

RÉTTINDI OG SKYLDUR

14

Framhaldsskólar eru ýmist sjálfstæðar ríkisstofnanir eða einkaskólar. Skólameistari ber ábyrgð á starfsemi skólans í umboði ráðherra eða ábyrgðaraðila einkaskóla, í samræmi við samþykktir, stofnskrá eða önnur stofnskjöl viðkomandi skóla.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á skuldbindingu framhaldsskóla um þjónustu við nemendur. Framhaldsskólum ber að veita nemendum þjónustu svo nám þeirra geti orðið sem árangursríkast. Þjónustan skal taka mið af mismunandi þörfum nemenda og taka til aðgangs að upplýsingum og gögnum, umsjónar, námsaðstöðu og þjónustu fyrir nemendur með sérþarfir.

Framhaldsskólar skulu setja fram skýrar verklagsreglur um réttindi og skyldur skóla og nemenda. Þær skulu birtast í skólanámskrá og vera aðgengilegar nemendum, forráðamönnum og öðrum þeim sem málið varðar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið setur hér fram ýmsar reglur sem auðvelda eiga skólum að taka á álitamálum sem varða réttindi, skyldur og þjónustu við nemendur. Sumar þessara reglna eru einnig birtar í lögum og reglugerðum og er þá vísað í þær.

14.1 Velferð nemenda

Velferð nemenda tengist líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði.

Innan veggja hvers skóla á að vera í boði heilnæmt fæði í samræmi við opinber manneldis-markmið og þannig stuðlað að heilbrigði nemenda skólans. Skólameistari framhaldsskóla

skal hafa samráð við heilsugæslustöð í nágrenni skólans um heilsuvernd og hollustuhætti og skal tilhögun lýst í skólanámskrá.

Enn fremur skulu framhaldsskólar hvetja til heilbrigðs lífennis og heilsuræktar nemenda. Leggja þarf áherslu á áfengis- og fíkniefnaforvarnir, kynheilbrigði og geðrækt. Ekki er síður mikilvægt að skólinn styðji við félagslegt heilbrigði nemenda með því að hvetja til virkrar þátttöku í félagslífi.

14.2 Réttur nemenda til náms

Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þessir einstaklingar eiga jafnframt rétt á því að stunda nám til 18 ára aldurs, samanber þó ákvæði 33. gr. framhaldsskólalaga um skólareglur og meðferð mála.

Brot á skólareglum kann að leiða til þeirra viðurlaga að nemendum verði vísað úr skóla eða tilteknu fagi um nokkurt skeið. Við slíka ákvörðun skólameistara skal fylgja reglum stjórnáskólalaga um málsmeðferð. Þess skal gætt að forsjáforeldrum/forráðamönnum ólögráða nemenda, ásamt nemendum sjálfum, sé veittur andmælaréttur áður en ákvörðun er tekin um rétt eða skyldu nemenda.

Við innritun hefur framhaldsskólinn sérstökum skyldum að gegna hvað varðar nemendur með fötlun, nemendur sem koma beint úr grunnskóla, nemendur sem flytjast milli anna eða skólaára og aðra þá sem ekki eru orðnir lögráða (18 ára) við innritun.

14.3 Innritun í framhaldsskóla

Í skólasamningi framhaldsskóla við mennta- og menningarmálaráðuneyti skal kveðið sérstaklega á um skyldur viðkomandi framhaldsskóla við innritun nemenda og þær forsendur og kröfur sem skóli leggur til grundvallar við innritun nemenda í skólann eða á einstakar námsbrautir hans. Ráðuneytið ákveður fyrirkomulag innritunar og gefur út leiðbeiningar um frágang umsókna. Að öðru leyti skal horft til gildandi reglugerðar um innritun nemenda.

Til að stuðla að samræmi í námsmati við lok grunnskóla birtir ráðuneytið reglur um viðmið við lok grunnskóla í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla.

14.4 Þjónusta

Nemendum í opinberum framhaldsskólum stendur til boða, auk kennslu án endurgjalds, öll þjónusta sem skólinn skipuleggur fyrir nemendur. Gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla eru skýrðar í sérstakri reglugerð og er fjallað um þær hér á eftir.

Sem dæmi um lögbundna þjónustu er réttur nemenda til að njóta náms- og starfsráðgjafar og aðgangs að safni sem er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við starfsemi skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum.

14.5 Nemendur með sérþarfir

Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með heilsutengdar sérþarfir og nemendur með fötlun, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla.

Framhaldsskólar geta leitað til grunnskóla um upplýsingar um einstaka nemendur og er grunnskólum skylt að veita þær með upplýstu samþykki lögráða nemanda eða forsjárforeldra/forráðamanna, sé nemandi yngri en 18 ára. Þá er skólum heimilt að semja við sveitarfélög eða aðra aðila um sérfræðiþjónustu vegna einstakra nemenda til að tryggja sem best samfellu í námi þeirra (sjá viðauka 1).

Tilfærsluáætlun skal fylgja nemendum með fötlun þegar þeir koma úr grunnskóla samanber reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (sjá viðauka 1).

14.6 Gjaldtaka opinberra framhaldsskóla

Nemendum í opinberum framhaldsskólum stendur til boða, án endurgjalds, kennsla og önnur þjónusta sem skólinn skipuleggur fyrir nemendur. Eftirtalin gjaldtaka er þó heimil samkvæmt ákvæðum sérstakrar reglugerðar um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla.

Skólameistari ákveður upphæð innritunargjalds en mennta- og menningarmálaráðuneyti ákveður í reglugerð hámarksupphæð þess. Ef nemendur eru innritaðir utan þess tíma sem auglýstur er til innritunar er heimilt að hækka gjaldið um 25% fyrir þá önn.

Framhaldsskólum er heimilt að innheimta af nemendum, sem njóta verklegar kennslu, efnisgjald fyrir efni sem skólinn lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Efnisgjald skal taka mið af raunverulegum efniskostnaði. Ráðuneyti auglýsir á hverjum tíma

hámark efnisgjalds. Framhaldsskólar geta boðið upp á nám utan reglubundins daglegs starfstíma og í fjarkennslu. Í slíkum tilvikum er þeim heimilt að taka gjald af nemendum fyrir hluta launakostnaðar vegna kennslunnar. Ráðuneytið setur á hverjum tíma fram nánari reglur um gjaldtöku. Fari nám fram að sumri til er framhaldsskólum heimilt að taka gjald af nemendum til að mæta sérgreindum kostnaði sem fellur til vegna kennslunnar.

Þá er skólum heimilt að innheimta gjald af nemendum fyrir valkvæða starfsemi, svo sem leikhús-, vettvangs- eða safnferðir í tengslum við námið.

Heimilt er framhaldsskólum að innheimta gjald fyrir aðra þjónustu sem í boði er og telst ekki vera hluti af eða leiða af lögbundnu hlutverki skóla. Gjaldið tekur til þátta eins og útgáfu skírteina (annarra en prófskírteina), aðgangs að þráðlausu neti og tölvuforritum, útgáfu netfangs, gagnapláss, skápaleigu, prentunar, fjölföldunar og bílastæðis. Skólameistari auglýsir gjaldskrá að höfðu samráði við skólanefnd. Gjaldskrá skal að hámarki miðast við kostnað og skal birta á vef skóla fyrir upphaf innritunartímabils.

Mat á námi nemenda, sem farið hefur fram innan íslenska skólakerfisins nýlega og krefst ekki umfangsmikillar matsvinnu, skal vera nemendum að kostnaðarlausu. Framhaldsskólum er heimilt að taka hóflegt gjald fyrir umfangsmikla vinnu við raunfærnimat og mat á námi nemenda. Gjaldskrá fyrir þannig mat skal að hámarki miðast við kostnað og birt í skólanámskrá.

14.7 Skólareglur

Skólareglur skulu birtar í skólanámskrá og vera öllum aðgengilegar. Þær skulu geyma ákvæði um eftirfarandi þætti:

- skólasókn,
- hegðun og umgengi,
- námsmat, námsframvindu og prófareglur,
- viðurlög vegna brota á skólareglum,
- reglur um meðferð ágreiningsmála og um beitingu viðurlaga.

Við ákvörðun skólameistara um rétt eða skyldu nemenda, svo sem brottvísun úr skóla í fleiri en einn skóladag eða að nemandum sé meinað að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi eða námsgrein um nokkurt skeið, skal fylgja reglum stjórnáskilslulaga um málsmeðferð. Ákvörðun skólameistara er kæránleg til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Um málskot gilda ákvæði VII. kafla stjórnáskilslulaga.

14.7.1 Skólasóknarreglur

Framhaldsskólar skulu veita umsögn um skólasókn nemenda í námsferli og prófskírteini.

Í skólasóknarreglum skal tilgreina:

- réttindi og skyldur nemenda,
- viðurlög við brotum á skólasóknarreglum,
- hvernig fjarvistir nemenda vegna veikinda og annarra óhjákvæmilegra forfalla eru meðhöndlaðar,
- hvernig farið er með mál ólöggráða nemenda í ljósi fræðsluskyldu.

Við setningu reglna um skólasókn skal taka sérstakt tillit til langveikra nemenda og nemenda sem eru tímabundið fjarverandi frá skóla vegna veikinda eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Í samræmi við stjórnarsýslulög og á grundvelli reglna um skólasókn er hægt að vísa nemendum úr einstökum áföngum eða úr skóla vegna lélegrar skólasóknar og skulu þeir þá áður hafa fengið skriflega viðvörðun frá viðkomandi kennara, umsjónarkennara eða stjórnanda. Skal virða andmælarétt og gæta þess að forsjárforeldrum eða forráðamönnum ólöggráða nemenda sé gert viðvart skriflega. Endanleg brottvikning er á ábyrgð skólameistara.

14.7.2 Meðferð ágreiningsmála

Hver skóli setur sér reglur um boðleiðir og verklag um ágreiningsmál sem upp kunna að koma. Við vinnslu þeirra skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga um málsmeðferð.

Í verklagsreglum skal koma fram:

- með hvaða hætti nemanda, löggráða og ólöggráða, er veitt viðvörðun áður en til viðurlaga kemur,
- kostur á að andmæla fyrirhugaðri ákvörðun og tímafrestur tilgreindur í því skyni,
- meðferð ágreiningsmála, kvartana og kæra vegna samskipta milli nemenda, kennara og/eða annars starfsfólks framhaldsskóla,
- meðferða ágreiningsmála um námsframvindu,
- meðferð undanþágubeiðna.

Leitast skal við að leysa ágreiningsmál á vettvangi skóla. Uni nemandi eða forráðamaður hans ekki úrskurði í deilumáli má vísa málinu til mennta- og menningamálaráðuneytisins.

Framhaldsskólar skulu skrá feril máls þegar ágreiningsmál koma upp innan skólans eða þegar um brot á skólareglum er að ræða. Við meðferð mála skal sérstaklega gæta ákvæða stjórnarsýslulaga, laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og upplýsingalaga (sjá Viðauka 1). Leitast skal við að afgreiða brot á skólareglum með skjóttum hætti en jafnframt leggja áherslu á öryggi og vandvirkni við úrlausn og afgreiðslu.

14.7.3 Framvinda náms

Framhaldsskólum ber að setja fram skýrar verklagsreglur um framvindu nemenda í námi. Þær skulu birtast í skólanámskrá og vera aðgengilegar nemendum, forsjáforeldrum og forráðamönnum. Reglur um framvindu náms geta verið mismunandi eftir hæfniviðmiðum náms, á hvaða hæfniprepi brautin skilar nemendum og hvort nemendur eru orðnir lögráða (18 ára). Reglur um framvindu náms skulu birtar í námsbrautarlýsingu og tekur ráðuneytið afstöðu til þeirra þegar brautin er staðfest.

14.8 Meðferð gagna

Gögn í vörslu skóla sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar um nemendur skal farið með í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, laga um Þjóðskjalasafn Íslands og ákvæði upplýsingalaga eftir því sem við á. Starfsfólk í framhaldsskólum er bundið trúnaði og óheimilt er að veita persónulegar upplýsingar um lögráða nemendur án samþykkis þeirra eða forsjáforeldra/forráðamanna ef um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Allir framhaldsskólar skulu varðveita upplýsingar um nám nemenda og veita þeim aðgang að þeim upplýsingum. Framhaldsskólar skulu opna forsjáforeldrum og forráðamönnum, barna yngri en 18 ára aðgang að upplýsingakerfi sínu þar sem meðal annars eru birtar einkunnir og skólasókn barna þeirra. Um rétt forsjárlaus foreldris til aðgangs að upplýsingum um barn sitt upp að 18 ára aldri fer samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 76/2003. Þegar nemendur hafa náð lögræðisaldri er einungis heimilt að veita þeim sjálfum, eða þeim sem nemendur veita skriflegt umboð, upplýsingar um mál er varða þá persónulega.

Framhaldsskólum er þó heimilt að veita öðrum skólum upplýsingar um einstaka nemendur vegna flutnings þeirra milli skóla eða vegna þess að þeir stunda nám við fleiri en einn skóla eða fræðslustofnun. Einnig er heimilt að veita fræðsluyfirvöldum slíkar upplýsingar í skýrt afmörkuðum tilgangi. Sé um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða skulu þær þó ekki afhentar nema með upplýstu samþykki forsjáforeldra eða lögráða nemenda.

Persónuupplýsingar skulu afhentar á öruggan hátt þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt.

14.9 Reykingar og vímuefni

Reykingar og önnur tóbaksnotkun er stranglega bönnuð í húsnæði og á lóð framhaldsskóla. Einnig er öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna stranglega bönnuð í húsakynnum skóla og á samkomum á þeirra vegum. Jafnan skal hafa samband við forsjáforeldra/forráðamenn ólögráða nemenda komi eitthvað upp á í þessum efnum.

MAT Á NÁMI

15

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á að við allt mat sé fyrst og fremst litið til hæfni nemenda. Öllu námi framhaldsskólans er raðað á hæfniprep. Þar sem framhaldsskólar skipuleggja sjálfir námsbrautir sínar er gert ráð fyrir að þeir geri nemendum kleift að velja ólíkar leiðir til að ná hæfniviðmiðum hvers þreps. Að jafnaði skal viðtökuskóli miða við mat þess skóla sem nemendur koma úr þegar litið er til þess hvort viðkomandi hæfnipáttum sé náð.

15.1 Mat á námi milli skóla

Nemandi sem flyst á milli skóla, sem starfa samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, á rétt á því að fá nám sem hann hefur lokið með fullnægjandi árangri, metið til eininga á sama hæfniprepi í viðtökuskóla enda falli námið að námskrá og námsbrautalýsingum viðkomandi skóla.

Framhaldsskólum ber að setja fram skýrar verklagsreglur um mat á námi nemenda er skipta um námsbraut eða koma úr öðrum skóla. Eftirfarandi reglur um mat gilda en gert er ráð fyrir að framhaldsskólar útfæri framkvæmd þeirra í skólanámskrá.

- Viðtökuskólar skulu meta áfanga á sama hæfniprepi og þeir eru skilgreindir í fyrri skóla nemenda, óháð kennslufyrirkomulagi.
- Heimilt er að láta þess getið á prófskirteini ef nám er metið úr öðrum skóla.

15.2 Raunfærnimat inn á námsbrautir framhaldsskóla

Raunfærnimat er skipulegt ferli þar sem alhliða reynsla og þekking nemanda er metin með formlegum hætti. Matið getur byggst á fyrra námi, starfsreynslu og annarri reynslu sem aflað hefur verið utan formlega skólakerfisins. Raunfærnimat getur leitt til þess að nemendur teljist hafa lokið námi í einstökum áföngum og/eða að þeir fái styttingu á þeim hluta námsins sem fer fram í verklegri þjálfun á vinnustað.

Raunfærnimat nýtist einkum þeim sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi, hafa starfað á vinnumarkaði í a.m.k. þrjú ár og náð tuttugu og þriggja ára aldri að lágmarki og aflað sér þekkingar, leikni og hæfni í störfum á tilteknu sviði sem nýst getur í námi til lokaprófs. Í löggiltum iðngreinum er gerð krafa um fimm ára starfsreynslu á vinnumarkaði að lágmarki og að einstaklingur hafi náð tuttugu og fimm ára aldri. Umsækjandi um raunfærnimat skal leggja fram nauðsynleg gögn sem styðja umsóknina, svo sem námssamning, vottorð vinnuveitenda studd lífeyrissjóðsyfirliti, yfirlit um nám eða námskeið eða aðrar upplýsingar sem geta nýst við mat á umsókn.

15.2.1 Framkvæmd raunfærnimats

Þegar raunfærnimat miðast við hæfnikröfur á námsbrautum framhaldsskóla er leitast við að meta þekkingu, leikni og hæfni viðkomandi út frá gefnum viðmiðum um það nám sem stefnt er að því að ljúka. Tekið skal mið af hæfnikröfum og lokamarkmiðum námsins og horft til þess að leiðir að sama marki geti verið fjölbreyttar. Ekki skal leitað eftir því hvort fyrra nám eða reynsla sé nákvæmlega sambærileg við kröfur námskrár heldur skal leggja áherslu á hvort hægt sé að meta nám eða starfsreynslu jafngilda og hvort nemandinn hafi forsendur til að ljúka því námi sem hugur hans stefnir til.

Um framkvæmd raunfærnimats er nánar fjallað í reglugerð um framhaldsfræðslu.

UNDANÞÁGUR FRÁ AÐALNÁMSKRÁ

16

Framhaldsskólar bera ábyrgð á að starf þeirra sé í samræmi við aðalnámskrá en hafa jafnframt viðtækar heimildir til þess að laga námskrá að þörfum fatlaðra nemenda, langveikra og þeirra sem eiga við námsörðugleika að etja. Ýmsar aðrar ástæður geta gefið tilefni til að skólastjórnendur veiti undanþágur frá aðalnámskrá. Á prófskírteini nemenda skal ávallt gerð grein fyrir undanþágum frá námsframvindu eða námsmati.

16.1 Námsgreinar og námsáfangar

Nemendur með fötlun, langveikir og nemendur með sértæka námsörðugleika og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest, geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá.

Nemendur geta einnig sótt um undanþágu til skólameistara frá einni námsgrein ef þeir eiga við það mikla námsörðugleika að stríða að þeir geta ekki náð tókum á námsefninu. Slíkir námsörðugleikar skulu staðfestir af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Nemendur sem fengið hafa undanþágu frá námi í námsgrein í grunnskóla, geta einnig sótt um undanþágu frá sömu grein í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn. Áður en undanþága er veitt skal skólameistari gera nemendum grein fyrir því að undanþágan gæti skert möguleika þeirra til náms í skólum á háskólastigi eða möguleika til starfa á viðkomandi starfssviði ef um starfsnám er að ræða.

16.1.1 Íþróttir

Nemendur sem stunda umfangsmikla líkamspjálfun á vegum sérsambands og/eða íþróttafélags undir stjórn sérmenntaðs þjálfara, íþróttafræðings eða kennara, samhliða námi í framhaldsskóla, geta óskað eftir því að skólameistari veiti þeim undanþágu frá vissum áföngum eða áfangahlutum í íþróttum, líkams- og heilsurækt.

16.1.2 Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Framhaldsskólar skulu koma til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna með íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu, liðsinni við heimanám, jafningjastuðningi og öðrum þeim ráðum sem að gagni mega koma. Hver skóli skal setja sér móttökuáætlun þar sem fram koma helstu atriði um skólastarfið á máli sem nemendur og forráðamenn ólöggraða nemenda geta skilið. Í móttökuáætlun felst að gerð sé einstaklingsnámskrá sem tekur mið af bakgrunni og tungumálafærni viðkomandi, að þróa námsaðferðir til að mæta viðkomandi nemendum, að skipuleggja samráð nemenda og starfsmanna skólans og upplýsa með skýrum hætti hvaða stuðning skólinn veitir til dæmis við heimanám og túlkun. Sérstaklega skal huga að þeim nemendum sem íslenskir eru en hafa dvalið langdvölum erlendis. Margir þeirra þurfa á hliðstæðri aðstoð að halda og nemendur af erlendum uppruna.

Framhaldsskólum er heimilt að meta móðurmál nemenda til eininga í frjálsum vali eða til eininga í stað annars erlends tungumáls.

Miða skal við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein óski þeir þess. Framhaldsskólar geta boðið upp á slíkt nám í staðnámi eða fjarnámi eða metið nám sem stundað er annars staðar. Viðkomandi framhaldsskóli þarf þá að veita samþykki fyrir náminu óski nemendur eftir að fá slíkt nám metið til eininga. Framhaldsskólar eru ekki ábyrgir fyrir náminu en geta verið tengiliðir, t.d. við gagnasöfn, bókasöfn, félög og annað það sem veitir nemendum aðgang að kennslu í eigin móðurmáli.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku. Sama gildir um heyrnarskerta nemendur. Nemendur sem hafa dvalið utan Norðurlanda á grunnskólaaldri, geta sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál. Nemendur sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla, geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn.

16.2 Afreksfólk

Komið skal til móts við afreksfólk á þann hátt að fjarvera þess á námstíma vegna keppnis- og/eða æfingaferða reiknast ekki inn í skólasóknareinkunn þeirra. Komið skal til móts við afreksfólks á þann hátt að fjarvera þess á prófatíma vegna keppnis- og/eða æfingaferða útiloki ekki nemendur frá því að gangast undir námsmat í lok skólaárs eða námsannar. Leitast skal við að gefa nemendum tækifæri til að ljúka prófum eða lokaverkefnum eftir því sem við verður komið.

Afreksmaður telst sá sem valinn hefur verið í unglingslandslíð eða landslíð viðkomandi íþróttá-, keppnis-, list- eða starfsgreinar eða sá sem hefur verið valinn til þátttöku og/eða undirbúnings fyrir Norðurlandamót, Evrópumeistaramót, heimsmeistaramót, Ólympíuleika eða önnur sambærileg mót í sinni grein.

Þegar staðfesting á fyrirhugaðri þátttöku nemandans liggur fyrir er mælt með því að skólastjórnandi geri sérstakan samning við hann um þær undanþágur sem á þarf að halda, svo sem um skólasókn nemandans, verkefnaskil og próftöku. Viðkomandi sérsamband/ landsliðsþjálfari/landslíðsnefnd skal leggja fram staðfesta áætlun um þátttöku í verkefnum fyrir upphaf skólaárs eða námsannar. Leitast skal við að gefa nemandanum tækifæri til að ljúka prófum eða lokaverkefnum eftir því sem við verður komið.

MAT Á FRAMHALDSSKÓLASTARFI

17

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi í framhaldsskóla er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat (sjá einnig kafla 3).

17.1 Innra mat á framhaldsskólastigi

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti framhaldsskóla, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.

Mat á starfi framhaldsskóla á að taka mið af þeim markmiðum og gildum sem fram koma í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Jafnframt tekur innra mat mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers framhaldsskóla sem fram kemur í skólanámskrá. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi, efla ígrundun og auka vitund starfsfólks um ábyrgð.

Skólameistari, í samstarfi við starfsfólk, ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla. Í hverjum skóla skal móta skýra stefnu í samræmi við grunnþætti í menntun, markmið og áhersluþætti framhaldsskólalaga og ákvæði í aðalnámskrá framhaldsskóla. Hver framhaldsskóli mótar viðmið fyrir sína starfsemi og þróar matsaðferðir sem henta starfsháttum skólans. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat stuðla að auknum gæðum í starfinu. Þar eru stjórnendur, kennarar, annað starfsfólk, nemendur og foreldrar mikilvægir þátttakendur.

Í skólanámskrá er lagður grunnur að skólastarfinu en þar skal meðal annars birta stefnu skólans og lýsingu á því kerfisbundna innra mati sem notað er til að leggja mat á gæði skólastarfsins. Í skólanámskrá skal einnig gera grein fyrir áherslum og áætlunum um innra mat.

17.2 Ytra mat á framhaldsskólástigi

Mennta- og menningarmálaráðuneyti annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í framhaldsskólum og er það liður í reglubundnu ytra mati á gæðum skólastarfs ásamt úttektum, könnunum og rannsóknum. Ytra mat getur náð til framhaldsskóla í heild, aðferða við innra mat eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi framhaldsskóla. Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra framhaldsskóla í senn. Framhaldsskólar skulu leggja fram þá aðstoð og þau gögn sem matið útheimtir, þar með talið niðurstöður innra mats. Að loknu ytra mati gerir framhaldsskóli grein fyrir því hvernig brugðist verður við niðurstöðum þess. Ráðuneyti leitast við að fylgja innra og ytra mati eftir með stuðningi, fræðslu og ráðgjöf til viðkomandi skóla þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Ráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga, aðalnámskrár framhaldsskóla og annarra þátta skólastarfs. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt ytra mat á framhaldsskóla eða einstökum þáttum skólastarfs ef ástæða þykir til. Gert er ráð fyrir að úttekt á framhaldsskóla fari eigi sjaldnar fram en á fimm ára fresti.

Samkvæmt lögum getur ráðherra ákveðið að leggja fyrir könnunarpróf í einstökum námsgreinum framhaldsskóla, svo og færnipróf sem tengjast hæfniviðmiðum og þrepaskiptingu náms.

VIÐAUKI 1

YFIRLIT YFIR LÖG OG REGLUGERÐIR 2012, SEM VARÐA FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ

Barnalög nr. 76/2003,

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980,

Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010,

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008,

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008,

Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992,

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000,

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985,

Stjórnsýslulög nr. 37/1993,

Upplýsingalög nr. 50/1996.

Reglugerðir um:

- gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla nr. 614/2009,
- innritun nemenda nr. 1150/2008,
- mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 70/2010,
- matsnefnd leikskóla-, grunnskóla og framhaldsskólakennara nr. 241/2009,
- matsnefnd náms- og starfsráðgjafa nr. 160/2010,
- námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla nr. 762/2010,
- nemendur með sérþarfir í framhaldsskóla (í vinnslu),
- nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010,
- rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku nr. 654/2009,
- sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010,
- skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009 og nr. 1007/2009,
- sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla nr. 242/2009,
- starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007,
- störf og starfshætti undanþágunefndar framhaldsskóla nr. 669/2010,
- sveinspróf nr. 698/2009,
- viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010,
- vinnustaðanam og starfsþjálfun á vinnustað nr. 697/2009 og 1103/2009.

VIÐAUKI 2

LÝSINGAR Á NÁMSLOKUM Í FRAMHALDSSKÓLA

Hér eru birtar samantektir á lýsingum námsloka í framhaldsskóla. Þrjár tegundir námsloka eru skilgreindar, það er framhaldsskólapróf, próf til starfsréttinda og stúdentspróf. Önnur lokapróf og viðbótarnám við framhaldsskóla eru safnheiti yfir ýmis námslok sem ekki falla undir fyrrnefndar tegundir námsloka. Sum námslok geta verið skilgreind á mismunandi hæfniprepum, önnur ekki.

Framhaldsskólapróf

Umfang náms til framhaldsskólaprófs fer eftir hæfniviðmiðum námsins, en skal alltaf vera á bilinu 90-120 fein. Námslokin geta verið skilgreind á hæfniprepi eitt eða tvö. Ef vilji er til að námsbraut ætluð nemendum með þroskahömlun ljúki með framhaldsskólaprófi, gilda sömu reglur um umfang.

Framhaldsskólaprófi er ætlað að koma til móts við þá áherslu að nemendur njóti fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og að framhaldsskólarnir bjóði upp á menntun sem henti þörfum hvers og eins. Einnig er því ætlað að koma til móts við þarfir nemenda sem ekki hyggja á önnur námslok. Þannig getur skóli hvort sem er tengt framhaldsskólapróf við lok skilgreindrar námsbrautar eða tengt það annarri þátttöku nemenda skólanum, sem sniðin er að einstaklingsbundnum þörfum þeirra. Þó skulu lokamarkmið námsins í öllum tilvikum vera skýr.

Hæfniprep	Helstu einkenni
1	<ul style="list-style-type: none">• Innihald Námið felur í sér almennan undirbúning undir áframhaldandi nám eða störf í atvinnulífinu sem ekki krefjast mikillar sérhæfingar og eru unnin undir stjórn eða eftirliti annarra.• Skipulag Námið getur falið í sér bóknám, listnám og/eða starfsnám og verið skipulagt sem heildstæð námsbraut eða tengst námsbrautum skóla með ýmsu móti. Það getur falið í sér starfskynningu eða þjálfun á vinnustað.• Umfang 90-120 framhaldsskólæiningar.• Réttindi Að loknu framhaldsskólaprófi á fyrsta hæfniprepi gefst einstaklingi kostur á ófaglærðum störfum eða frekara námi í framhaldsskóla.

2	<ul style="list-style-type: none"> • Innihald Námið einkennist af fremur stuttri sérhæfingu, sem miðar einkum að faglegum undirbúningi undir frekara nám eða störf sem krefjast þess að starfsmaðurinn geti sýnt ábyrgð og sjálfstæði innan ákveðins ramma og/ eða undir yfirstjórn annarra. • Skipulag Námið getur falið í sér bóknám, listnám og/eða starfsnám, verið skipulagt sem heildstæð námsbraut eða tengst námsbrautum skólans með ýmsu móti. Það getur falið í sér þjálfun á vinnustað. • Umfang 90-120 framhaldsskólaeiningar. • Réttindi Að loknu framhaldsskólaprófi á öðru hæfniprepi gefst einstaklingi kostur á störfum sem ekki kalla á mikla sérhæfða þekkingu, framhaldsnámi eða mati inn á námsbrautir framhaldsskólans.
----------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Próf til starfsréttinda

Próf til starfsréttinda eru skilgreind sem námslok af námsbraut sem veitir löggilt starfsréttindi eða veitir nemendum heimild til að þreyta sveinspróf í löggiltri iðngrein. Þessi námslok geta verið skilgreind á hæfniprep tvö, þrjú eða fjögur.

Hæfniprep	Helstu einkenni
2	<ul style="list-style-type: none"> • Innihald Námið einkennist af fremur stuttri sérhæfingu sem miðar að faglegum undirbúningi undir störf sem krefjast þess að starfsmaðurinn geti sýnt ábyrgð og sjálfstæði innan ákveðins ramma. • Skipulag Námið er skipulagt sem starfsnám og felur í sér þjálfun á vinnustað. • Umfang 60-120 framhaldsskólaeiningar. • Réttindi Að loknu prófi til starfsréttinda á öðru hæfniprepi gefst einstaklingi kostur á frekara námi eða störfum sem krefjast löggiltra starfsréttinda. Áframhaldandi nám felur í sér sérhæfingu innan starfsnáms eða mat inn á aðrar námsbrautir framhaldsskólans.

3	<ul style="list-style-type: none"> • Innihald Námið einkennist af sérhæfðum undirbúningi undir lögvarin störf sem krefjast þess að starfsmaðurinn geti unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf. • Skipulag Námið er skipulagt sem starfsnám og felur í sér þjálfun á vinnustað. • Umfang 180-240 framhaldsskólæiningar. • Réttindi Að loknu prófi til starfsréttinda á þriðja hæfniprepi gefst einstaklingi kostur á frekara námi eða störfum sem krefjast löggiltra starfsréttinda. Áframhaldandi nám felur í sér, aukna faglega sérhæfingu og þróun á starfsvettvangi á fjórða hæfniprepi, viðbót til stúdentsprófs og nám á háskólastigi eða mat inn á aðrar brautir framhaldsskólans.
4	<ul style="list-style-type: none"> • Innihald Námið einkennist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun og/eða nýsköpun. • Skipulag Námið er skipulagt sem starfsnám eða starfstengt nám. • Umfang 30 – 120 framhaldsskólæiningar. • Réttindi Að loknu prófi til starfsréttinda á fjórða þrepi gefst einstaklingi kostur á frekara námi fjórða þrepi, möguleikar á ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu, eða störfum sem krefjast löggiltra starfsréttinda. Námið má í vissum tilvikum meta inn á námsbrautir á háskólastigi.

Stúdentspróf

Stúdentspróf miðar að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlendis og erlendis. Námsstími til stúdentsprófs getur verið breytilegur milli námsbrauta og skóla en framlag nemenda skal þó aldrei vera minna en 200 fein. Námslokin eru í öllum tilvikum skilgreind á hæfniprep þrjú. Inntak náms til stúdentsprófs er háð hæfniviðmiðum námsbrautarinnar en fer einnig eftir því hvers konar undirbúning viðkomandi námsbraut veitir fyrir háskólanám. Uppistaða námsins getur því falið í sér bóknám, listnám eða starfsnám.

Um nám til stúdentsprófs gilda sérstakar reglur auk ákvæða um lágmarkseiningafjölda. Þær lúta að hæfnikröfum í kjarnagreinum og öðrum greinum auk þeirra reglna sem gilda almennt um innihald og uppbyggingu námsbrauta með námslok á þriðja hæfniprepi.

Hæfniprep	Helstu einkenni
3	<ul style="list-style-type: none"> • Innihald Námið einkennist af sérhæfðum undirbúningi undir háskólanám. Eftir námslok á þriðja þrepi á nemandi að geta unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf. • Skipulag Námið er alla jafnan skipulagt sem bóknám en getur falið í sér verklegt nám, starfsnám og/eða listnám. • Umfang 200-240 framhaldsskólaeiningar. • Réttindi Að loknu námi til stúdentsprófs gefst einstaklingi kostur á frekara námi á háskólastigi eða störfum í atvinnulífinu sem ekki krefjast löggiltra starfsréttinda. Stúdentsprófið tryggir ekki sjálfkrafa aðgang að öllu námi á háskólastigi. Einstakir háskólar eða háskóladeildir geta sett ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum geta nemendur þurft að gangast undir inntökupróf.

Önnur lokapróf

Námslok af námsbrautum sem ekki lýkur með stúdentsprófi, prófi til starfsréttinda eða framhaldsskólaprófi flokkast sem önnur lokapróf. Þarna er um að ræða margs konar námsbrautir sem ýmist eru skilgreindar á hæfniprep eitt, tvö eða þrjú. Hæfniviðið námsbrautanna segja til um sérhæfingu sem getur fallið undir starfsnám, listnám, bóknám eða almennt nám.

Hæfniprep	Helstu einkenni
1	<ul style="list-style-type: none"> • Innihald Námið felur í sér almennan undirbúning undir áframhaldandi nám eða störf í atvinnulífinu sem ekki krefjast mikillar sérhæfingar og eru unnin undir stjórn eða eftirliti annarra. • Skipulag Námið er ýmist skipulagt sem bóknám, listnám eða starfsnám og getur þá falið í sér starfskynningu eða þjálfun á vinnustað. • Umfang 30 – 120 framhaldsskólaeiningar, en allt að 240 fein. fyrir nemendur með þroskahömlun. • Réttindi Að loknu námi á fyrsta hæfniprepi gefst einstaklingi kostur á ófaglærðum störfum eða frekara námi í framhaldsskóla.

<p style="text-align: center; font-size: 2em; color: #0070C0;">2</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Innihald Námið einkennist af fremur stuttri sérhæfingu sem miðar einkum að faglegum undirbúningi undir frekara nám eða störf sem krefjast þess að starfsmaðurinn geti sýnt ábyrgð og sjálfstæði innan ákveðins ramma og/ eða undir yfirstjórn annarra. • Skipulag Námið er ýmist skipulagt sem bóknám, listnám eða starfsnám og getur þá falið í sér þjálfun á vinnustað. • Umfang 60- 120 framhaldsskólaeiningar. • Réttindi Að loknu námi á öðru þrepi gefst einstaklingi kostur á frekara námi eða möguleikar á störfum í atvinnulífinu og fer það eftir hæfnisviðmiðum námsins hversu sérhæfð störf eru í boði. Nám að loknu öðru þrepi krefst meiri sérhæfing innan starfsnáms eða mats inn á aðrar brautir framhaldsskólans.
<p style="text-align: center; font-size: 2em; color: #0070C0;">3</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Innihald Námið einkennist af sérhæfðum undirbúningi undir sérhæft starfsnám og/ eða listnám. Eftir námslok á þriðja þrepi á nemandi að geta unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf. • Skipulag Námið er ýmist skipulagt sem bóknám, listnám eða starfsnám og getur þá falið í sér þjálfun á vinnustað. • Umfang 150-240 framhaldsskólaeiningar. • Réttindi Að loknu námi á þriðja hæfniprepi gefst nemandi kostur á frekara námi eða störfum sem krefjast löggiltra starfsréttinda. Áframhaldandi nám felur í sér aukna faglega sérhæfingu og þróun á starfsvettvangi á fjórða hæfniprepi, viðbót til stúdentsprófs og nám á háskólastigi eða mat inn á aðrar brautir framhaldsskólans.

Viðbótarnám við framhaldsskóla

Fjórða þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun.

Hæfniprep	Helstu einkenni
4	<ul style="list-style-type: none"> • Innihald Námið einkennist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun og/eða nýsköpun. • Skipulag Námið er ýmist skipulagt sem bóknám, listnám eða starfsnám. Viðbótarnám við framhaldsskóla er skilgreint á framhaldsskólastigi og skal námið skilgreint í framhaldsskólaeiningum. Forkröfur fyrir námsbrautir með námslok á þessu þrepi eru að jafnaði brautskráning af þriðja þrepi. • Umfang 30 – 120 framhaldsskólaeiningar. • Réttindi Að loknu námi á fjórða þrepi gefst einstaklingi kostur á frekara námi á fjórða þrepi eða möguleikar á ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu. Námið má í vissum tilvikum meta inn á námsbrautir á háskólastigi.

VIÐAUKI 3

HÆFNIVIÐMIÐ KJARNAGREINA

Kjarnagreinar framhaldsskóla eru íslenska, stærðfræði og enska. Allar námsbrautir skulu að jafnaði gera kröfu til þess að nemendur öðlist að minnsta kosti hæfni sem nemur lýsingu á fyrsta hæfniprepi kjarnagreina. Við skipulag námsbrauta geta hæfniviðmið brautanna falið í sér kröfu um að nemendur þurfi að ná meiri hæfni í kjarnagreinum.

Hér á eftir fara lýsingar á þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem einkennir hvert hæfniprep í kjarnagreinum.

ÍSLENSKA

Hæfniprep 1

ÞEKKING

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð,
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli,
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli,
- mismunandi lestraraðferðum, nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta og helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir.

LEIKNI

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð,
- notkun leiðréttingarforritra og annarra hjálpargagna til að lagfæra eigin texta,
- að nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni,
- mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli,
- að draga saman aðalatriði í fyrirlestrum og ritmáli, leita upplýsinga úr heimildum og nýta þær á viðurkenndan hátt sér til gagns,
- að taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni,
- að lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda og skilja algengt líkingamál og orðatiltæki.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari,
- leggja stund á tungumálanám, til dæmis með því að nýta sér orðasöfn og algengustu málfræðihugtök,
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar,
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt,
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum.

ÍSLENSKA

Hæfniprep 2

ÞEKKING

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu hugtökum í ritgerðasmíð,
- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli,
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti,
- mismunandi tegundum bókmennta, nýttjertexta og nokkrum lykilverkum íslenskra bókmennta ásamt grunnhugtökum í bókmenntafræði.

LEIKNI

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- ritun rökfærsluritgerða þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun og kemur skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt,
- markvissri notkun viðeigandi hjálpargagna við frágang ritsmíða,
- að nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni,
- að skilja og nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli,
- að draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt,
- að flytja af nokkru öryggi ræður, endursagnir, lýsingar og kynningar á tileknum málefnum,
- að lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nýttjertexta og fjalla um inntak þeirra.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna töluverð tilbrigði í málnotkun,
- styrkja eigin málfærni og nám í erlendum tungumálum, til dæmis með því að nýta málfræðiupplýsingar í handbókum,
- beita skýru, lýtalaus og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti,
- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu,
- túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu.

ÍSLENSKA

Hæfniprep 3

ÞEKKING

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ritgerðasmið og heimildavinnu,
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast í ræðu og riti, sem og til náms í erlendum tungum,
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu,
- mismunandi tegundum bókmennta og nýttjatekta, stefnum í íslenskum bókmenntum að fornu og nýju og öllum helstu bókmenntahugtökum.

LEIKNI

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- ritun heimildaritgerða þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli,
- frágangi heimildaritgerða og hvers kyns texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrubóta,
- að nýta málfræðihugtök af öryggi í umræðum um málið og þróun þess, menningu og sögu,
- að skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli,
- að draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti, og meta áreiðanleika þeirra,
- að flytja af öryggi og sannfæringarkrafti vel upp byggða ræðu eða ítarlega kynningu á flóknu efni,
- að lesa allar gerðir ritaðs máls að fornu og nýju sér til gagns og gamans, skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel uppbyggðan og gripandi texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum,
- leggja mat á og efla eigin málfærni og annarra, til dæmis með því að nýta málfræðiupplýsingar og þekkingu sína á íslenska málkerfinu,
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti,
- tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu,
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná dulddum boðskap og hugmyndum,
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum.

Stærðfræði

Hvað varðar lýsingu á stærðfræði er bent á að ekki er ætlast til að öllum þekkingar-, leikni- og hæfnipáttum stærðfræðinnar sé náð á hverju þrepi, heldur skal vinna með þá námsþætti sem undirbyggja hæfniviðmið viðkomandi námsbrautar. Þannig er hægt að vinna með afmarkaða þætti stærðfræðinnar upp á efri hæfniprep.

Hér er einnig látin fylgja lýsing á þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem einkennir stærðfræði á hæfniprepi fjögur. Ástæðan er meðal annars sú að námsbrautir sem undirbúa nemendur til raungreinanáms á háskólastigi kenna oft stærðfræði upp á fjórða hæfniprep.

STÆRÐFRÆÐI

Hæfniprep 1

ÞEKKING

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

tölum og algebru:

- forgangsröð aðgerða og algengum stærðfræðitáknum,
- talnareikningum og deilanleika með lágum tölum,
- brotum, prósentu-, hlutfalla- og vaxtareikningi,
- snyrtingu og námundun talna,
- notkun tákna sem staðgengla talna.

rúmfræði:

- metrakerfinu, hnitakerfinu, mælingum, flatarmáli og rúmmáli,
- færslum og einslögun mynda, stækkun og smækkun,
- eiginleikum beinnar línu í hnitakerfi.

talningu, tölfræði og líkindareikningi:

- framsetningu gagna á myndrænu formi.

LEIKNI

Nemandi geti notað í einföldu samhengi:

táknmál:

- forgangsröðun aðgerða og algeng stærðfræðitákn og túlkað þau í mæltu máli.

tölur og algebru:

- talnareikning og deilanleika með lágum tölum,
- almenn brot, prósentu-, hlutfalla- og vaxtareikning,
- nákvæmni í snyrtingu og námundun talna,
- jöfnur og jafnaðarmerki.

rúmfræði:

- metrakerfið, hnitakerfið, flatarmál og rúmmál algengra hluta,
- færslur, stækkun og smækkun, kort og töflur,
- eiginleika beinnar línu í verkefnum um línulegt samband.

talningu, tölfræði og líkindareikning:

- uppsetningu, aflestur og túlkun gagna á myndrænu formi og skoði þau með gagnrýni með tilliti til villandi notkunar,
- líkindi atburða og metið afleiðingar þeirra.

hjálpertæki:

- reiknivélar og algeng tölvuforrit.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér t.d. á sviði:

miðlunar í mæltu og rituðu máli:

- sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir annarra af virðingu og umburðarlyndi án fordóma,
- skráð lausnir sínar skipulega, skipst á skoðunum um þær við aðra og útskýrt hugmyndir sínar og verk í mæltu máli og myndrænt,
- áttað sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu,
- greint og hagnýtt upplýsingar á fyrsta þrepi stærðfræði í töluðu og rituðu máli, myndrænt og í töflum.

stærðfræðilegrar hugsunar:

- unnið með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu,
- áttað sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvers konar svara megi vænta, og spurt slíkra spurninga.

lausna, þrauta og verkefna:

- beitt skipulegum aðferðum við lausnir þrauta úr kunnuglegu samhengi og útskýrt aðferðir sínar,
- beitt gagnrýninni og skapandi hugsun og sýnt áráðni, frumkvæði, innsæi og frumleika við lausnir,
- klætt hversdagsleg verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst þau og túlkað lausnirnar,
- notað lausnir verkefna við val, samanburð, áætlanir og ákvarðanir.

röksemdafærslu:

- fylgt og skilið röksemdir í mæltu máli og texta og beitt einföldum röksemdum,
- metið hvort upplýsingar eru réttar og eða áreiðanlegar.

daglegs lífs og almennrar menntunar, s.s.

- í starfi, á sviði fjármála, tækni eða lista.

STÆRÐFRÆÐI

Hæfniprep 2

ÞEKKING

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings t.d. á:

tölum, mengjum og algebru:

- deilanleika út frá frumpáttun og tilvist rauntalna,
- veldareglum, venslum velda og róta, tugveldarithætti,
- algengum reiknireglum, algebrubrotum,
- fyrsta og annars stigs jöfnum, ójöfnum.

rúmfræði:

- mikilvægi nákvæmni í mælingum,
- hugtökum evklíðskrar rúmfræði og hnitafræði í sléttum fleti, hlutföllum lengda, flatarmála og rúmmála.

föllum:

- margliðum, hornaföllum, logra- og vísiföllum.

talningu, tölfræði og líkindareikningi:

- einföldum talningarreglum,
- flokkun gagna og einkennishugtökum úr lýsandi tölfræði,
- einföldum líkindum.

LEIKNI

Nemandi geti unnið af öryggi og sjálfstæði, beitt röksemdafærslu og hafi aflað sér þjálfunar í aðferðum og verklagi um t.d.:

táknmál:

- stærðfræðilega framsetningu viðkomandi námsefnis og túlkun táknmálsins á mæltu máli.

tölur, mengi og algebru:

- frumpáttun og deilanleika, tugveldarithátt, rauntölur, allar algengar reiknireglur og beitingu veldareglna,
- meðferð algebrubrota og lausn annars stigs jafna.

rúmfræði:

- Evklíðska rúmfræði og hnitafræði í sléttum fleti, línu- og snúningssamhverfu.

föll:

- tengsl jafna við föll og túlkun þeirra.

talningu, tölfræði og líkindareikning:

- beitingu talningarreglna,
- flokkun gagna og einkennishugtök úr lýsandi tölfræði,
- notkun einfaldra líkinda til að segja fyrir um atburði, meta áhættu, velja og taka ákvarðanir.

hjálpartæki:

- vísindalegar reiknivélur og sérhæfð stærðfræðiforrit.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér t.d. á sviði:

miðlunar í mæltu og rituðu máli:

- sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir annarra af virðingu og umburðarlyndi án fordóma,
- skráð lausnir sínar skipulega, skipst á skoðunum við aðra um þær og útskýrt hugmyndir sínar og verk skilmerkilega í mæltu máli og myndrænt,
- áttað sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna,
- greint og hagnýtt upplýsingar á öðru stærðfræðiprepi, í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum.

stærðfræðilegrar hugsunar:

- skilið merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og unnið með þau,
- vitað hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og spurt slíkra spurninga,
- gert greinarmun á nauðsynlegum og nægjanlegum skilyrðum fyrir lausnum verkefna,
- hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu til ákvarðanatöku í sértækum verkefnum.

lausna, þrauta og verkefna:

- beitt gagnrýninni og skapandi hugsun og sýnt áráði, frumkvæði, innsæi og frumleika við lausnir,
- beitt skipulegum aðferðum við að leysa þrautir, t.d. beitt prófun og ágiskun og sett upp jöfnur,
- klætt verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst það og túlkað lausnina,
- notað lausnir verkefna við val, samanburð, áætlanir og ákvarðanir.

röksemdafærslu:

- fylgt og skilið röksemdir í mæltu máli og í texta, m.a. í sönnunum,
- beitt einföldum samsettum röksemdum,
- greint röksamhengi í röksemdafærslum og gengið úr skugga um hvort þær eru rangar eða ófullkomnar.

daglegs lífs og almennrar menntunar, s.s.

- í starfi, á sviði fjármála, tækni eða lista.

STÆRÐFRÆÐI

Hæfniprep 3

ÞEKKING

Nemandi skal hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og skilnings:

tölum, mengjum og algebru:

- óendanleika talnakerfisins, tvinntölum og mengjaaðgerðum,
- endanlegum og óendanlegum runum og röðum,
- lausnum jafna, s.s. á hornafalla- og lograjöfnum.

rúmfræði:

- rúmfræðilegum hugtökum og viðfangsefnum í tvívíðum og þrívíðum hnitakerfum.

föllum:

- deildun helstu falla, einfaldra og samsettra,
- heildun og venslum deildunar og heildunar.

talningu, tölfræði og líkindareikningi:

- samsettum talningarreglum,
- líkindadreifingum og fylgnihugtakinu.

LEIKNI

Nemandi hafi fullt vald á, geti byggt eigin sannanir þar sem við á og hafi aflað sér þjálfunar í aðferðum og verklagi um t.d.:

beitingu táknaðs:

- allar meginreglur um stærðfræðilega framsetningu og túlkun táknaðsins á mæltu máli.

tölur, mengi og algebru:

- óendanleika talnakerfisins, endanlegar og óendanlegar runur og raðir, tvinntölur,
- lausnir sérhæfðra jafna, s.s. hornafalla- og lograjafna.

rúmfræði:

- viðfangsefni í tvívíðum og þrívíðum hnitakerfum.

föll, deildun og heildun:

- deildun flókinna falla, s.s. vísis- og lografalla,
- tengsl deildunar og heildunar,

talningu, tölfræði og líkindareikningi:

- samsettar talningarreglur,
- líkur byggðar á talningu, líkindadreifingu og fylgni.

hjálpartæki:

- örugga notkun vísindalegra reiknivéla og stærðfræðiforrita með tilliti til takmarkana þeirra.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá sérhæfðu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér t.d. á sviði:

miðlunar í mæltu og rituðu máli:

- sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir annarra af virðingu og umburðarlyndi án fordóma,
- skráð lausnir sínar skipulega, skipst á skoðunum við aðra um þær og útskýrt hugmyndir sínar og verk skilmerkilega í mæltu máli og myndrænt,
- áttað sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu hugmynda og viðfangsefna og valið aðferð við hæfi,
- greint og hagnýtt stærðfræðilegar upplýsingar á þriðja þrepi, hvort sem er í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum.

stærðfræðilegrar hugsunar:

- unnið með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu,
- áttað sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og spurt slíkra spurninga,
- gert greinarmun á nauðsynlegum og nægjanlegum skilyrðum fyrir lausnum verkefna,
- skilið hvað felst í alhæfingu,
- hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu til ákvarðanatöku í sérhæfðum verkefnum.

lausna, þrauta og verkefna:

- beitt gagnrýninni og skapandi hugsun og og sýnt áræði, frumkvæði, innsæi og frumleika við lausn yrtra verkefna,
- leyst þrautir með skipulegum leitaradferðum og uppsetningu jafna,
- klætt yrt verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst og túlkað lausnina,
- notað lausnir verkefna sinna við val, samanburð, áætlanir og ákvarðanir.

röksemdafærslu:

- fylgt röksemdafærslu í mæltu máli og texta,
- rakið sannanir í námsefninu,
- greint hvenær röksemdafærsla getur talist fullnægjandi sönnun,
- byggt upp einfaldar sannanir.

daglegs lífs og almennrar menntunar, s.s.

- í starfi, á sviði fjármála, tækni eða lista.

STÆRÐFRÆÐI

Hæfniprep 4

ÞEKING

Nemandi skal hafa aflað sér fræðilegrar þekkingar og skilnings á t.d.:

tölum og mengjum:

- samleitni óendanlegra runa og raða.

algebru:

- hugtökum hreinnar algebru, s.s. grúpum og flokkun þeirra.

rúmfræði:

- línulegri algebru, helstu hugtökum hennar og samhengi við rúmfræði.

föll, deildun og heildun:

- samleitnihugtakinu,
- heildun með allviðamiklum innsetningum.

talningu, tölfræði og líkindareikningi:

- sérhæfðum hugtökum, s.s. slembistærðum, tilgátuprófunum, öryggisbilum.

LEIKNI

Nemandi hafi fullt vald á, geti byggt eigin sannanir þar sem við á og hafi aflað sér þjálfunar í aðferðum og verklagi um t.d.

beitingu táknaþátta:

- allar meginreglur um stærðfræðilega framsetningu viðkomandi námsefnis, og túlkun hugmynda í táknaþátta á mæltu máli.

tölur og mengi:

- samanburð og rannsóknir á samleitni óendanlegra runa og raða.

algebru:

- helstu hugtök hreinnar algebru, s.s. grúpum og flokkun þeirra.

rúmfræði:

- aðferðir línulegrar algebru og tengslum hennar við rúmfræði.

föll, deildun og heildun:

- aðferðir til að rannsaka samfelldni.

talningu, tölfræði og líkindareikningi:

- forrit til að vinna úr meginþingum gögnum.

hjálpertæki:

- örugga notkun vísindalegra reiknivéla og fjölbreyttra stærðfræðiforrita með tilliti til takmarkana þeirra.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá fræðilegu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér t.d. á sviði:

miðlunar í mæltu og rituðu máli:

- sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir annarra af virðingu og umburðarlyndi án fordóma,
- skráð lausnir sínar skipulega, skipst á skoðunum við aðra um þær og útskýrt hugmyndir sínar og verk í mæltu máli og myndrænt,
- áttað sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu og valið af öryggi aðferð sem við á,
- greint og hagnýtt stærðfræðilegar upplýsingar í töluðu og rituðu máli, myndrænt og í töflum.

stærðfræðilegrar hugsunar:

- unnið með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu,
- áttað sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og spurt slíkra spurninga,
- gert greinarmun á nauðsynlegum og nægjanlegum skilyrðum fyrir lausnum verkefna,
- skilið hvað felst í alhæfingu,
- hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu til ákvarðanatöku í sérhæfðum verkefnum.

lausna þrauta og verkefna:

- beitt gagnrýninni og skapandi hugsun og sýnt áráði, frumkvæði, innsæi og frumleika við lausn yrtra verkefna,
- leyst þrautir með skipulegum leitaraðferðum og jöfnum,
- klætt yrt verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst og túlkað lausnina,
- notað lausnir verkefna til að byggja á val sitt, samanburð, áætlanir og ákvarðanir.

röksemdafærslu:

- fylgt viðamikilli röksemdafærslu í mæltu máli og texta,
- greint hvenær röksemdafærsla getur talist fullnægjandi sönnun,
- byggt upp eigin sannanir.

daglegs lífs og almennrar menntunar, s.s.

- í starfi, á sviði fjármála, tækni eða lista.

Enska og önnur erlend tungumál

Lýsing á þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem einkennir ensku á mismunandi hæfniprepum á við um öll erlend tungumál. Mikilvægt er að hafa í huga að hæfniprepin lýsa þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem einkennir nemendur, óháð skólastigi. Þannig eru nemendur í grunnskóla sem læra norrænt tungumál eða ensku á hæfniprepi eitt, sem og nemendur í framhaldsskóla sem læra nýtt tungumál. Munurinn er að nemendur geta verið mismunandi að öðlast þá hæfni sem einkennir hvert hæfniprep.

Árið 2006 gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út þýðingu á evrópsku tungumálamöppunni sem Evrópuráðið hafði áður gefið út (<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/3931>). Tungumálamappan felur meðal annars í sér sjálfsmatsramma sem lýsir hæfni í hlustun, lestri, ritun og töluðu máli, í tengslum við samskipti annars vegar og frásögn hins vegar. Lýsing á hæfni nemenda er sett fram í sex þrepum sem kallast A1, A2, B1, B2, C1 og C2.

Viðmið tungumálamöppunnar sem einkenna þrep A1, A2 og að hluta til B1 má fella að lýsingu þekkingar, leikni og hæfni á fyrsta hæfniprepi.

Viðmið tungumálamöppunnar sem einkenna þrep B1 og B2 má fella að lýsingu þekkingar, leikni og hæfni á öðru hæfniprepi.

Viðmið tungumálamöppunnar sem einkenna þrep C1 má fella að lýsingu þekkingar, leikni og hæfni á þriðja hæfniprepi.

ERLEND TUNGUMÁL

Hæfniþrep 1

ÞEKING

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins,
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur,
- grundvallarþáttum málkerfisins,
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli.

LEIKNI

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega,
- lestri ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni,
- að taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi,
- að beita orðaforða á skýran hátt með því að beita málvenjum, framburði, áherslum og hljómfalli á sem réttastan hátt,
- að skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar,
- að fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál,
- að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt,
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu,
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og geta dregið ályktanir af því sem hann les,
- lesa, sér til ánægju og þroska, skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína,
- takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum og halda samtali gangandi,
- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum,
- útskýra og rökstyðja ákvarðanir og fyrirætlanir sem og gera málamiðlanir,
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á,
- skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega,
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein,
- skrifa um hugðarefni sín og áhugamál.

ERLEND TUNGUMÁL

Hæfniprep 2

ÞEKKING

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

LEIKNI

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreini og við mismunandi aðstæður sem og skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál,
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki,
- skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni, ef hann þekkir vel til þess,
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt,
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- lesa á milli línanna, átta sig á dýpri merkingu í texta,
- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður,
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt,
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum,
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt og beita tungumálinu af tiltölulega mikilli nákvæmni við margs konar aðstæður,
- geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi og rakið ólík sjónarmið með og á móti,
- skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín,
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

ERLEND TUNGUMÁL

Hæfniþrep 3

ÞEKING

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- stjórnmálum, fjölmiðlum og sögu og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun í þeim löndum þar sem tungumálið er talað,
- menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu í alþjóðlegu samhengi,
- uppruna tungumálsins og útbreiðslu, og skyldleika þess við íslenskt mál,
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi,
- hefðum sem eiga við um talað og ritað mál t.d. mismunandi málsnið.

LEIKNI

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja vel sérhæfða texta á sviði sem hann þekkir,
- að skilja almennt talað mál, jafnvel þar sem frásögnin er ekki sett skipulega fram,
- lestri, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð,
- notkum tungumálsins á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum,
- að geta tjáð sig af öryggi um margvísleg málefni, bæði almenn og persónuleg,
- að beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins.

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á,
- skilja sér til gagns þegar fjallað er um flókið efni, fræðilegs eða tæknilegs eðlis,
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í töluðu máli og undirliggjandi viðhorfum og tilgangi þess sem talar,
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í texta, s.s. í bókmenntaverkum og öðrum textum,
- geta lagt gagnrýnið mat á texta,
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýnan hátt,
- beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmennningarleg efni,
- geta flutt vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og rökstutt mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og brugðist við fyrirspurnum,
- geta lýst skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel,
- beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingum, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag,
- vinna úr ýmsum upplýsingaveitum og fella saman í eina heild samkvæmt þeim hefðum sem gilda um heimildavinnu,
- skrifa gagnorðan, skilmerkilegan og vel uppbyggðan texta sem tekur mið af því hver lesandinn er,
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin,
- tjá tilfinningar, nota hugarflugnið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli.





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ